



***„Svo rosalega ekkert búinn að ákveða mig!“***

Hugmyndir nemenda í 10. bekk um nám að loknum grunnskóla

Sigrún Anna Ólafsdóttir

**Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

*„Svo rosalega ekkert búinn að ákveða mig!“*

Hugmyndir nemenda í 10. bekk um nám að loknum grunnskóla

Sigrún Anna Ólafsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinendur: Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sigrún Anna Ólafsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í það hvað nemendur í 10. bekk sjá fyrir sér að taki við hjá þeim að loknu skyldunámi í grunnskóla. Áhersla var lögð á að fá fram fyrirætlanir þeirra og hugmyndir hvað varðar framhaldsnám, hvað þeir töldu að hafi haft hvað mest áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvaðan nemendur telji að þeir fái helst upplýsingar um nám og skóla og hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsnámsins. Eigindleg aðferðafræði varð fyrir valinu en tekin voru opin viðtöl við ellefu nemendur í 10. bekk.

Í ljós kom að allir nemendurnir voru ákveðnir í að fara í framhaldsskóla en margir voru ekki alveg ákveðnir með hverskonar nám þeir vildu stunda eða í hvaða skóla þeir ætluðu. Upplýsingar um framhaldsskólana segjast nemendur fá frá fjölskyldu sinni, af netinu og sumir töluðu um fræðslu frá náms- og starfsráðgjafa. Enginn hafði leitað sérstaklega til náms- og starfsráðgjafa til að fá upplýsingar. Þegar rætt var við nemendur um væntingar þeirra til framhaldsnámsins tjáðu þeir sig um tilfinningar eins og tilhlökkun og kvíða.

Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist þeim sem koma að því að uppfæða ungt fólk um nám og störf á þessum miklu tímamótum sem skilin á milli grunn- og framhaldsskóla eru og geri þeim kleift að veita þann stuðning sem þarf til að umskiptin gangi sem best fyrir sig.

## **Abstract**

The aim of this qualitative research project was to gain insight into what 10<sup>th</sup> grade students plan to do after finishing compulsory school. The emphasis was on the students' plans and ideas about secondary school, what they believed influenced their decision making, and where they believed they had attained information regarding secondary school from, along with their expectations towards secondary school. A qualitative research method was chosen for this study, which includes eleven open semi-structured interviews with students in the 10<sup>th</sup> grade.

The results show that the students are determined to have a secondary education but undecided on their major and which secondary school to attend. Most of the students agreed they received most of their information regarding secondary school from their families, the internet and some mentioned having received information from a vocational and educational counselor. None of the participants had gone specifically to a vocational and educational counselor to obtain information regarding secondary school. When students revealed their expectations regarding secondary school they spoke mostly of feelings like anxiety and eager anticipation.

Hopefully this research has some practical value for those who educate young people on educational and professional possibilities during the important period in the students' lives that is the transition between compulsory and secondary school a smooth one.

## Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin er unnin með eigindlegri rannsóknaraðferð en hún beinist að nemendum í 10. bekk grunnskóla sem eru á þeim tímamótum í lífinu að ljúka skyldunámi og þurfa að taka ákvörðun um næstu skref. Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í það hvað nemendur í 10. bekk sjá fyrir sér að taki við hjá þeim að loknu skyldunámi í grunnskóla. Áhersla var lögð á að fá fram fyrirætlanir þeirra og hugmyndir hvað varðar framhaldsnám, hvað þeir töldu að hafi haft hvað mest áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvaðan nemendur telji að þeir fái helst upplýsingar um nám og skóla og hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsnámsins.

Áhugi minn á viðfangsefninu kviknaði fyrir alvöru þegar ég hóf störf sem náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fyrir rúmum tveimur árum. Ég áttaði mig fljótt á því hversu flókinn framhaldsskólaheimurinn getur verið í hugum sumra nemenda í 10. bekk á meðan aðrir eru alveg ákveðnir í því hvert stefnan skuli tekin. Að mínu mati er það mjög mikið stökk fyrir nemendur sem hafa verið í 10 ára skyldunámi að hafa allt í einu eitthvað um það að segja hvaða stefna er tekin. Það er mikilvægt að hjálpa nemendum á þessum tímamótum og stuðla þannig að farsælum námsferli þeirra. Rannsóknin var unnin undir handleiðslu Dr. Guðbjargar Vilhjálmsdóttur prófessors í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Meðleiðbeinandi var Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir náms- og starfsráðgjafi og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir leiðsögn og ábendingar. Viðmælendur mínir fá einnig þakkir fyrir skemmtileg, gefandi og fræðandi viðtöl. Ekki má gleyma að þakka vinum, vandamönnum og samstarfsfólki sem á einn eða annan hátt veitti mér stuðning og hvatningu og minni ómetanlegu fjölskyldu sem er ósköp fegin að þessari vinnu sé nú lokið.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	1
Abstract.....	2
Formáli .....	3
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur.....	5
Saga og þróun náms- og starfsráðgjafar .....	16
Í hverju felst fagleg aðstoð við náms- og starfsval? .....	18
Skilar náms- og starfsráðgjöf árangri?.....	22
Kenningar í náms- og starfsráðgjöf .....	27
Rannsóknarspurningar .....	35
Aðferð.....	37
Aðferðafræðin.....	37
Þátttakendur .....	38
Framkvæmd .....	38
Niðurstöður.....	40
Ákvörðunin um nám að loknum grunnskóla .....	40
Upplýsingar um framhaldsskólana .....	49
Væntingar nemenda til framhaldsskólanna.....	53
Umræður.....	57
Fyrirætlanir nemenda og hugmyndir varðandi framhaldsnám og það sem hafði áhrif á þá ákvörðun .....	58
Hvaðan fá nemendur upplýsingar um framhaldsskólana?.....	63
Væntingar nemenda til framhaldsskólanna.....	68
Úrbætur .....	70
Lokaorð.....	72
Heimildaskrá.....	74

## Inngangur

Að loknum grunnskóla standa nemendur frammi fyrir ákvörðun um að fara í áframhaldandi nám eða að fara út á vinnumarkaðinn. Sama hvor ákvörðunin er tekin þá er það er mikil og vandasöm ákvörðun sem hefur afgerandi áhrif á líf einstaklingsins. Vitneskjan um möguleikana sem felast í námi og störfum er ekki meðfædd. Nám og störf eru síbreytileg í hraða nútímapjórðfélagsins og úrvalið mikið. Fagleg aðstoð hjálpar til við ákvarðanatöku og getur jafnvel spornað við brottfalli úr framhaldsskólum eða flakki á vinnumarkaðnum (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2003). Það er því mikilvægt að ákvörðunin sé vel ígrunduð. Orð Ólafs Gunnarssonar í bókinni *Hvað viltu verða?* frá sjöunda áratugnum eiga vel við enn þann dag í dag:

Þekktu sjálfan þig.

Athugaðu það, sem um er að velja.

Leitaðu ráða hjá þeim, sem þú treystir bezt.

Gerðu framtíðaráætlun.

Láttu hug og hönd fylgjast að við störfina, þá er líklegt, að hamingjan falli þér í skaut.

(Ólafur Gunnarsson, 1962, bls. 20)

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í það hvað nemendur í 10. bekk sjá fyrir sér að taki við hjá þeim að loknu skyldunámi í grunnskóla. Áhersla var lögð á að fá fram fyrirætlanir þeirra og hugmyndir hvað varðar framhaldsnám, hvað þeir töldu að hafi haft hvað mest áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvaðan nemendur telji að þeir fái helst upplýsingar um nám og skóla og hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsnámsins.

Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða stöðu nemenda á mörkum grunn- og framhaldsskóla í dag. Hver er hinn íslenski raunveruleiki sem blasir við unglíngum sem staddir eru á þessum tímamótum? Hvað stendur þeim til boða?



Nemendum sem halda áfram námi að loknu skyldunámi í grunnskóla hefur fjölgað á undanförunum árum. Árið 2009 var hlutfallsleg skólasókn 16 ára nemenda í framhaldsskóla 95% á landsvísu sem er aukning um 6% á tíu árum. Aldrei áður hefur hlutfall þeirra sem fara í framhaldsskóla verið hærra (Hagstofa Íslands, e.d.; Hagstofa Íslands, 2011). Rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) sýndi að 98% nemenda í 10. bekk hugðust fara í framhaldsnám að loknum grunnskóla. Þar kom einnig fram að tæplega 80% nemenda hafði valið skóla og 72% hafði ákveðna braut í huga. Þessar tölur gefa til kynna að þrátt fyrir að vera búnir að ákveða sig eru ekki allir búnir að ákveða skóla eða námsbraut en rannsóknin var framkvæmd í maí, stuttu fyrir skólalok. Þrátt fyrir mikla ásókn í framhaldsskóla er alltaf töluverður fjöldi nemenda sem hverfur frá námi, langflestir á fyrsta eða öðru ári. Brottfall hefur mælst allt að 20% hér á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2004). Margir hefja aftur nám síðar meir þó einhverjir snúi ekki til baka. Engin ein alþjóðleg skilgreining á brottfalli úr námi er til eða viðurkennd en Hagstofa Íslands hefur skoðað brottfall nemenda úr framhaldsskólum með því að telja nemendur í framhaldsskólum ákveðið skólaár sem skrá sig ekki í skóla ári síðar og hafa ekki útskrifast í millitíðinni (Hagstofa Íslands, 2004).

Yfirvöld menntamála í Evrópulöndum og víðar hafa í vaxandi mæli beint athygli sinni að brottfalli úr námi. Evrópusambandið hefur meðal annars sett sér það markmið að brottfall í aðildarlöndunum verði ekki meira en 10% árið 2020 (European Commission, 2011). Ísland hefur haft sérstöðu meðal evrópskra þjóða, hvað varðar hátt hlutfall brottfalls og námslok á framhaldsskólastigi, einkum að því leyti að mun stærri hluti árganga hér á landi lýkur framhaldsskólanámi á þrítugs- og fertugsaldri (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Í skýrslu Jóns Torfa Jónssonar og Andreu Gerðar Dofradóttur (2009) um niðurstöður úr rannsókn á þátttöku í fræðslu á Íslandi kemur fram að 30% fólks á aldrinum 25-64 ára hefur ekki lokið námi umfram grunnskóla. Þegar þátttaka í formlegu námi á Íslandi er borin saman við þátttöku meðal annarra Evrópuþjóða kemur þó í ljós að í aldurshópnum 25-64 ára er mest þátttaka í formlegu námi á Íslandi og í Svíþjóð af 30 Evrópuþjóðum. Í þessum sömu niðurstöðum kemur fram að 13% umrædds hóps eru skráð í formlegt nám. Af því má ráða að þótt þessir einstaklingar séu ekki að útskrifast á þeim árum sem skólakerfið gerir helst ráð fyrir þá leitar hluti

af þessum hópi aftur inn í skólana síðar meir. Það virðist þó frekar eiga við um yngra fólkið en 56% 20-24 ára og 15% 25-34 ára voru skráðir í formlega skólakerfið þegar rannsóknin var gerð en einungis 6% þeirra sem voru á aldrinum 35-44 ára og enn lægra hlutfall í eldri hópum (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009).

Hvað verður um nemendur sem flosna upp úr framhaldsskólunum eða ná jafnvel aldrei svo langt að hefja þar nám? Undanfarin ár hefur atvinnuleysi aukist verulega á Íslandi og er hlutfall atvinnulausra ungmenna án nokkurrar framhaldsskólamenntunar áberandi hátt (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Samkvæmt mánaðarlegri skýrslu Atvinnumálastofnunar um stöðu á vinnumarkaði mældist atvinnuleysi á Íslandi í mars 2011 8,6%. Þar af eru 52% þeirra skilgreindir með grunnskólanám, 21% hafa lokið iðnnámi eða styttra framhaldsnámi og 27% eru með stúdentspróf, hafa lokið sérskóla eða háskólanámi. Fólk á aldrinum 16-24 ára var 18% allra atvinnulausra í mars 2011 (Vinnumálastofnun, 2011). Reynsla annarra norræna ríkja hefur sýnt að afleiðingar atvinnuleysis eru alvarlegastar hjá þeim sem hafa minnsta menntun. Að sama skapi eru afleiðingar langtímaatvinnuleysis hvað alvarlegastar fyrir ungt fólk sérstaklega þann hóp sem er að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta skipti. Einkum er aldurshópurinn 16-24 ára viðkvæmur vegna þess að meirihluti þess hóps hefur einungis lokið grunnskóla eins og áður sagði og hefur litla sem enga reynslu á vinnumarkaði (Vinnumálastofnun, 2011). Áhrif atvinnuleysis geta verið víðtæk. Atvinnuleysið getur gert það að verkum að nemendur hætta síður í skóla, það getur orðið til þess að hvetja þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði til að ljúka framhaldsskóla en það getur einnig virkað letjandi og dregið úr nemendum að fara í skóla (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Það sem hér þarf að hafa í huga er að þeir sem hverfa frá námi á ungir að aldri eiga erfitt uppdráttar á vinnumarkaði. Það er því gríðarlega mikilvægt að aðstoða ungt fólk við að finna sér nám við hæfi í framhaldi af grunnskólanum.

Framboð á framhaldsnámi er töluvert á Íslandi eða 22 fjölbrautaskólar, 9 menntaskólar og 14 sérskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi (Hagstofan, 2011). Þrátt fyrir töluverðan fjölda framhaldsskóla er ásóknin mismikil í skólana og nokkrir skólar á höfuðborgarsvæðinu standa frammi fyrir því að þurfa að vísa

fjölmörgum nemendum frá. Til að hægt sé að spá fyrir um það hvert straumurinn liggur hverju sinni hefur verið tekin upp forinnritun nemenda snemma að vori. Einnig hefur verið gripið til þess ráðs að útvega nemendum forgangsrétt í ákveðna skóla og gildir þá sú regla að framhaldsskólarnir verða að taka inn 40% prósent nema af ákveðnu svæði áður en nemendum af öðrum svæðum er veitt innganga. Forgangur nær þó ekki til sérhæfðra verknáms- og listnámsbrauta (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.-a). Í 32. gr. laga um framhaldsskóla (2008) er fjallað um innritun og rétt til náms. Þar kemur fram að „*þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eiga á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt málsgrein þessari eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.*“ Þar með er yngstu framhaldsskólanemunum tryggð skólavist og þeir sem vilja halda áfram gert það kleift.

En þrátt fyrir að töluvert framboð sé á námi á framhaldsskólastigi og aðgangur nemenda sé tryggður í lögum til 18 ára aldurs eru ekki allir sem finna eitthvað við sitt hæfi. Til er sá hópur sem af ýmsum ástæðum getur ekki eða vill ekki notfæra sér hefðbundna framhaldsskóla. Þar hafa aðrir aðilar komið að fræðsluúrræðum eins og símenntunarmiðstöðvar víða um land sem bjóða upp á fjölbreytt nám fyrir þann hóp sem hefur skemmsta skólagöngu. Þar er boðið upp á námskeið samkvæmt námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem hefur einnig verið samþykkt af Mennta og menningarmálaráðuneytinu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur það markmið að veita fólki, sem ekki hefur lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. e.d.). Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Atvinnuleysistryggingasjóður hafa nú tekið höndum saman og hrundið af stað átaki til þriggja ára undir yfirskriftinni „*Nám er vinnandi vegur*“. Þeir hyggjast greiða ungu fólki að 25 ára aldri aðgang að framhaldsskólunum auk þess að bjóða upp á fleiri námstækifæri fyrir atvinnuleitendur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.-b). Þannig er komið til móts við þá sem hafa horfið frá námi eða aldrei farið í nám að loknum grunnskóla og falla ekki lengur undir lögum sem tryggja þeim skólagöngu til 18 ára aldurs. Brottfallsnemendur fá þannig tækifæri til að hefja nám að nýju.

Margar rannsóknir hafa beinst að brottfalli úr framhaldsskóla og margar skýringar eru gefnar á því hvers vegna nemendur hverfa frá námi. Hluti af skýringunni er skortur á upplýsingum og ófullnægjandi námsframboð. Það að velja ekki námsleið í samræmi við áhuga eða án nægilegra upplýsinga getur valdið brottfalli úr framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þegar rætt hefur verið við nemendur sem hafa horfið frá námi á framhalds- eða háskólastigi um brottfall koma ýmsar vísbendingar fram um að brottfall eigi sér langan aðdraganda og jafnvel hefur verið bent á áhrifaþætti í grunnskóla (Bjargey Gígja Gísladóttir, 2009). Trusty, Niles og Carney (2005) benda á að þrátt fyrir að fagfólk eins og kennarar og náms- og starfsráðgjafar hvetji ungt fólk til að halda áfram í námi og sífellt fleiri nemendur fari í áframhaldandi nám þá sé enn stór hluti sem hverfur frá námi án þess að útskrifast. Þeir halda því fram að ástæðan sé meðal annars sú að nemendur séu ekki nægilega vel undirbúnir fyrir framhaldsnám. Þeir segja að hægt sé að undirbúa nemendur betur á grunnskólaárunum með því að byrja að velta fyrir sér framtíðarmarkmiðum og tileinka sér góð vinnubrögð. Margoft hefur verið sýnt fram á nauðsyn þess að byrja snemma að ræða þessi mál við börn og kynna hvað er í boði, þau spyrja ekki um það sem þau hafa ekki hugmynd um að sé til. Það þarf að virkja foreldrana, fræða þá og upplýsa og leiðbeina þeim um hvernig þeir geta leiðbeint börnum sínum. Trusty og félagar (2005) hvetja náms- og starfsráðgjafa til að líta á fræðslu og ráðgjöf við foreldra sem hluta af ráðgjafarferlinu. Í Bandaríkjunum var gerð yfirlitsrannsókn, sem innihélt 52 rannsóknir, til að meta áhrif þátttöku foreldra á námsárangur framhaldsskólanemenda í þéttbýli (Jeynes, 2007). Niðurstöðurnar benda til þess að þátttaka foreldra skipti máli fyrir framhaldsskólanemendur og hafi jákvæð áhrif á frammistöðu nemenda. Þó rannsóknin hafi verið gerð á nemendum í framhaldsskóla má leiða líkur að því að það sama gildi í grunnskóla. Niðurstöður langtímarannsóknar Helwig, (2008) á einstaklingum frá 8 ára aldri til 23 ára sýndu að foreldrar höfðu áhrif á náms- og starfsval þeirra og þá einkum móðirin. Í nokkrum tilfellum var kennari nefndur sem áhrifavaldur.

Í grein Milson og Dietz (2009) er fjallað um hvað felst í því að vera tilbúinn til að fara í framhaldsnám. Fram kemur að ekki er hægt að mæla það með einkunnum einum saman. Þar fléttast inn hversu tilbúinn einstaklingurinn er til að

tileinka sér fræðilega þekkingu, hvernig vinnubrögð hann hefur tileinkað sér í námi og hversu vel hann er að sér í því til hvers er ætlast af nemendum í framhaldsnámi. Það er einnig talað um hugræna þætti eins og gagnrýna hugsun og að glíma við erfiðleika. Innri hvöt, væntingar til framhaldsnáms, félagslegur stuðningur og trú á eigin færni skipta líka máli á þessum tímamótum. Það sem stendur uppúr er jákvæðnin sem virðist skipta gríðarlega miklu máli. Milson og Diets leggja áherslu á að allir fái notið aðstoðar en leggja sérstaka áherslu á aðstoð þá sem standa höllum fæti í skólakerfinu af margvíslegum ástæðum og gætu verið í brottfallshættu.

Gibbons og Borders (2010) könnuðu hvernig þeir unglingar sem áttu foreldra sem höfðu ekki formlega framhaldsskólamenntun upplifðu framhaldsskólagöngu sína. Í greininni kemur meðal annars fram að þeir upplifðu minni hvatningu og stuðning frá foreldrum við skólagöngu sína en þeir nemendur sem áttu foreldra sem höfðu formlega menntun umfram grunnskóla. Gibbons og Borders benda á mikilvægi þess að ná til þessara nemenda áður en þeir fara í framhaldsskóla eða ákveða að fara ekki í frekara nám. Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson (2003) komust að því að nemendur sem upplifðu lítinn stuðning foreldra sinna við framhaldsnám voru í meiri brottfallshættu í framhaldsskóla en aðrir nemendur og studdu niðurstöður þeirra aðrar hliðstæðar erlendar rannsóknir. Fram kemur í rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristjönu Stellu Blöndal (2005) að 14 ára ungmenni sem töldu sig njóta stuðnings og viðurkenningar foreldranna í uppeldinu voru líklegri til að hafa lokið námi um 22 ára aldurinn en þeir sem töldu sig fá lítinn stuðning og viðurkenningu.

Börn þeirra foreldra sem hafa stutta skólagöngu að baki virðast í meiri brottfallshættu en aðrir nemendur (Kristjana Stella Blöndal og Karl Sigurðsson, 2000). Niðurstöður Helwig (2008) benda til þess að foreldrar standi misjafnlega að því að aðstoða börnin sín eftir því hvaða menntunarbakgrunn þeir hafa. Þær segja líka til um hversu mikilvægu hlutverki náms- og starfsráðgjafar gegna í skólum. Í grein Fann, Jarsky og McDonough (2009) kemur fram að foreldrar sem hafa ekki haft tækifæri til að fara í framhaldsskóla sjálfir hafi ekki reynslu af undirbúningnum sem felst í því að velja nám eða að hefja nám í framhaldsskóla né hafi þekkingu á því hvar hægt er að fá aðgang að nauðsynlegum upplýsingum.

Þær velta því meðal annars fyrir sér hvaða upplýsingar þessir foreldrar þurfi þegar skólaganga barna þeirra er undirbúin og hvað þurfi að gera til að það verði hluti af ráðgjafarferlinu að foreldrar taki virkan þátt í undirbúningnum. Ceja (2006) leggur áherslu á að það sé ekki vegna þess að foreldrar vilji ekki veita börnum sínum upplýsingar heldur vegna þess að þekking foreldra og skilningur á skólakerfinu er takmarkaður og þeir finni til vanmáttar. Þeir viti ekki hvert hægt sé að leita eftir upplýsingum. Trusty og Watts (1996) könnuðu hvaðan foreldrum fannst best að fá upplýsingar tengdar starfsferli barna þeirra. Þeir komust að því að náms- og starfsráðgjafar voru ofarlega í hugum foreldranna. Trusty og Watts segja að jákvæðum væntingum foreldra fylgi aukin ábyrgð á fagfólk og þeir hvetja náms- og starfsráðgjafa til að standa undir þessum væntingum og veita faglega þjónustu.

Þegar einstaklingur stendur frammi fyrir því að skyldunáminu er að ljúka þarf hann að taka ákvörðun um framhaldið, nám eða atvinnulífið. Til að geta tekið bestu mögulegu ákvörðun um framhaldið þarf hann að vita hvað í boði er. Hann þarf að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um framhaldsskólana og möguleika á atvinnumarkaðnum. Hvernig fara nemendur að því að afla sér upplýsinga um nám og störf? Hvar geta nemendur nálgast þessar upplýsingar?

Menntamálaráðuneytið heldur úti upplýsingasíðunni [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is) um nám að loknum grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.-a). Þar eru almennar upplýsingar um nám í framhaldsskólum og námsleiðir ásamt tenglum inn á framhaldsskóla á landinu. Þar er gefinn kostur á fyrirspurnum en einnig bent á símatíma náms- og starfsráðgjafa ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur einnig tekið nýjustu tækni til handargagns í upplýsingagjöf til nemenda og stofnað fésbókarsíðu (facebook) á netinu undir stjórn náms- og starfsráðgjafans. Þar er komin beinn aðgangur að náms- og starfsráðgjafa sem nemendur geta nýtt sér. Allir framhaldsskólar eru með heimasíður þar sem fram koma helstu upplýsingar um skólana. Auk þess bjóða sumir framhaldsskólar upp á opin hús þar sem þeir kynna starfsemina og gestum gefst kostur á að skoða húsnæðið. Undanfarin ár hefur sú hefð skapast í Reykjavík og nágrenni að náms- og starfsráðgjafar grunnskólanna bjóða upp á framhaldsskólakynningar þar sem fulltrúar framhaldsskóla koma saman og kynna skólana meðal annars með því að svara

fyrirspurnum og útteila kynningarefni. Margir framhaldsskólar með langa starfsreynslu þurfa að vísa nemendum frá á meðan aðrir geta tekið á móti fleiri nemendum en sækja um (Mennta- og menningarmálaráðuneytið e.d.-a).

Þeir sem hyggja ekki á áframhaldandi nám að loknum grunnskóla geta meðal annars leitað til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun heyrir undir velferðar- ráðherra og starfar samkvæmt lögum sem hafa það að markmiði að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði, meðal annars með náms- og starfsráðgjöf (Vinnumálastofnun, e.d).

Einstaklingar þurfa að hafa áhuga á að afla sér upplýsinga og þeir þurfa að bera sig eftir björginni. En hversu virkir eru nemendur í eigin upplýsingaöflun? Eru þessar upplýsingar sem í boði eru nægjanlegar upplýsingar fyrir ungt fólk til að byggja á þegar ákvarðanir eru teknar um skóla og námsbraut? Hafa allir áhuga á að afla sér upplýsinga? Hugsanlega getur fræðsla vakið nemendur til umhugsunar. Þeir fara að velta fyrir sér möguleikum og leita sér ráðgjafar. Allt lífið snýst um að taka ákvarðanir, stórar og smáar. Við erum stöðugt að velta fyrir okkur hvað við viljum í samhengi við hvað er mögulegt. Allar þessar ákvarðanir snúast um langanir einstaklingsins og eru byggðar á þekkingu einstaklingsins á sjálfum sér og hvað í boði er. Sumar ákvarðanir hafa mikil áhrif og jafnvel langtímaáhrif. Það eru erfiðustu ákvarðanirnar og þær geta valdið kvíða (Reardon, Lenz, Sampson og Peterson, 2009). Að loknu tíu ára skyldunámi mætti ætla að nemendur standi frammi fyrir mjög veigamikilli ákvörðun um líf sitt; að fara í framhaldsnám eða ekki. Sama hvor ákvörðunin er tekin fylgja fleiri ákvarðanir sem taka þarf í kjölfarið. Hvaða nám og hvaða skóli, hvaða vinna og svo mætti lengi telja.

Margir þróa með sér einhverskonar aðferðir til að taka ákvörðun án þess að leiða hugann að því að þeir taki ákvarðanir á einhvern ákveðinn hátt. Aðrir lenda í vandræðum, sitja fastir og geta ekki ákveðið sig. Að nota markvisst kerfi getur hjálpað fólki að taka ákvarðanir (Reardon, o.fl., 2009). Ákvörðun getur verið tekin að óathuguðu máli. Þá er ákvörðunin tekin án nákvæmrar ígrundunar og getur haft alvarlegar afleiðingar eins og margar brottfallsrannsóknir benda til. Tvær íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á forvarnargildi náms- og starfsráðgjafar varðandi brottfall. Í rannsókn Guðbjargar Aðalbergsdóttur (2006) kom í ljós að af

innri þáttum skólans sem höfðu fyrirbyggjandi áhrif brottfalls var náms- og starfsráðgjöfin efst á blaði. Sunna Þórarinsdóttir (2008) spurði nemendur hvort þeir teldu að náms- og starfsráðgjafi gæti hjálpað þeim ef þeir væru að hugsa um að hætta í skóla. 73% nemenda töldu svo vera.

En hvert leita nemendur þegar þeir þurfa upplýsingar eða aðstoð við náms- eða starfsval? Eru nemendur að leita til náms- og starfsráðgjafa. Svanhildur Svavarsdóttir (2010) kannaði meðal nemenda í lok 10. bekkjar hversu miklar upplýsingar nemendur töldu sig hafa fengið eftir ákveðnum leiðum. Þar kom í ljós að 73% nemenda töldu sig hafa fengið frekar eða mjög miklar upplýsingar í heimsóknum í framhaldsskólana, 61% nemenda töldu sig hafa fengið frekar eða mjög miklar upplýsingar á heimasíðum skólanna og sama prósentuhlutfall töldu sig hafa fengið mjög miklar eða miklar upplýsingar hjá vinum. Þar á eftir koma foreldrarnir (46%), náms- og starfsráðgjafarnir (45%), opnu húsin í framhaldsskólunum (44%), systkini (41%), kennarar (36%) og ættingjar (35%). Náms- og starfsfræðslan rekur lestina en einungis 26% nemenda segjast hafa fengið frekar miklar eða mjög miklar upplýsingar í náms- og starfsfræðslu.

Edda Björk Viðarsdóttir (2004) gerði rannsókn og kannaði meðal annars hvort nemendur í 10. bekk væru að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Þar kemur fram að 49% nemenda höfðu farið til námsráðgjafa og af þeim voru 56% sem sögðust hafa farið að eigin frumkvæði. Hún ræddi einnig við námsráðgjafa en þeir töldu að yfir helmingur nemenda í 10. bekk hefði leitað til þeirra. Námsráðgjafarnir voru einnig spurðir út í hvaða ástæður þeir teldu fyrir því að nemendur leituðu ekki til þeirra. Þar komu fram margvíslegar ástæður, feimni nemenda, að nemendur leituðu annað með vandamál sín og að foreldrar þekktu ekki hlutverk námsráðgjafa og bentu því ekki börnum sínum á að leita þangað. Þegar nemendur voru spurðir að því sama kom í ljós að 54% nemenda taldi sig ekki þurfa á aðstoð að halda, 3% mundu ekki eftir námsráðgjafanum og 3% vissi ekki af honum. Athyglisverð niðurstaða í rannsókn Eddu er einnig að einungis 75% nemenda gerðu ráð fyrir því að námsráðgjafi vissi hvar leita ætti eftir upplýsingum um nám og störf. Þetta er ekki síst athyglisvert fyrir þær sakir að þetta er eitt af aðalhlutverkum náms- og starfsráðgjafa og felst í nafninu.



Domene, Shapka og Keating (2006) rannsökuðu hvert nemendur í framhaldsskóla (grades 11-12) leituðu sér hjálpar varðandi skipulagningu á náms- og starfsferli. Þeir komust meðal annars að því að nemendur leituðu helst til náms- og starfsráðgjafa með þætti varðandi námsferil. Hins vegar leituðu þeir frekar til fjölskyldumeðlima í sambandi við starfsferilsupplýsingar. Samkvæmt rannsókninni eru nemendur líklegri til að leita aðstoðar hjá fjölskyldu en fagfólki eins og náms- og starfsráðgjöfum. Fram kom að nemendur töldu að foreldrar og vinir hefðu meiri áhrif á námsferil þeirra en fagfólk og nemendur voru líklegri til að leita frekar til foreldris af sama kyni. Það kom meðal annars fram að nemendur með litlar væntingar gagnvart náms- og starfsferli voru ekki líklegir til að leita ráða hjá náms- og starfsráðgjafa. Domene, Shapka og Keating benda á mikilvægi þess að ná til þessara nemenda sem ekki eru líklegir til að leita sér aðstoðar, snemma á skólagöngunni til að hvetja þá til umhugsunar um náms- og starfsferilinn og undirbúa þá undir það að leita sér aðstoðar síðar meir ef þeir þurfa á henni að halda. Þau benda einnig á það hversu mikilvægt sé að fá foreldrana með í þetta ferli og benda á margar rannsóknir máli sínu til stuðnings. Í grein sinni vitna Domene, Shapka og Keating (2006) í fjölmargar rannsóknir (flestar á framhaldsskólastiginu) á því hversu margir nemendur leita til náms- og starfsráðgjafa. Þar koma fram hlutfallstölur sem sína að frá 12 – 40% nemenda eru að nýta sér þjónustu fagfólks. Í framhaldi benda þau á hversu stórkostlega vannýtt þjónusta náms- og starfsráðgjafa er.

Milsom og Diets (2009) leggja áherslu á að náms- og starfsráðgjafar aðstoði nemendur með námserfiðleika sérstaklega í að skipuleggja skólaskiptin. Rannsókn Lóu Hrannar Harðardóttur (2010) leiddi það í ljós að það er ekki síður mikilvægt að styðja við bakið á afburðarnemendum sem geta oft á tíðum átt í miklum erfiðleikum þrátt fyrir að góðir námsmenn. Domene, Shapka og Keating (2006) benda á að skortur sé á nákvæmum upplýsingum um hvaða einstaklingar það eru sem eru í mestri þörf fyrir ráðgjöf og hverskonar ráðgjöf henti þeim.

Þegar rætt er um hátt hlutfall nemenda sem fara í framhaldsskóla að loknu skyldunámi verður einnig að hafa í huga þó nokkuð brottfall nemenda og ástandið á atvinnumarkaðnum í því samhengi. Sýnt hefur verið fram á að þeir nemendur sem teljast sem brottfallsnemendur, hafa ekki farið í framhaldsskóla að loknum

grunnskóla eða hætt í framhaldsskóla án útskriftar gefa margar skýringar á því hvers vegna þeir hurfu frá námi (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2003). Hluti af skýringunni er skortur á upplýsingum og ófullnægjandi námsframboð. Það að velja óraunhæft, ekki í samræmi við áhuga eða án nægilegra upplýsinga getur valdið brottfalli úr framhaldsskóla. Einstaklingar sem hafa enga menntun umfram grunnskóla hafa takmarkað úrval af atvinnu og hátt hlutfall atvinnulausra eru á aldrinum 16-24 ára. Atvinnuleysi og brottfall eru neikvæðir þættir sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinginn sem og samfélagið (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Nauðsynlegt er að sporna gegn þessum þáttum með öllum tiltækum ráðum. Þar gegnir menntun veigamiklu hlutverki. En til þess að menntunin verði merkingarbær og nýtist einstaklingnum verður hún að höfða til hans. Einstaklingurinn verður að þekkja möguleikana sem fyrir hendi eru. Ef einstaklingurinn fær aðstoð við að finna eitthvað við sitt hæfi að loknu skyldunámi eru minni líkur á brottfalli og/eða atvinnuleysi. Bent hefur verið á hversu vannýtt þjónusta náms- og starfsráðgjafa er (Domene, Shapka og Keating, 2006) og rannsóknir hér á landi hafa sýnt að nemendur eru ekki í miklu mæli að leita til náms- og starfsráðgjafa af eigin frumkvæði og telur sig ekki þurfa á þjónustunni að halda (Edda Björk Viðarsdóttir, 2004). Með því að fræða um nám- og störf í grunnskóla er kominn vettvangur til að ná til allra nemenda óháð félagslegri stöðu eða menntun foreldranna. Nú hefur réttur nemenda til náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum verið tryggður í lögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Þar er kominn sá sérfræðingur sem sér fyrst og fremst um að aðstoða grunnskólanemendur í leit að námi og störfum, sérfræðingur sem starfar á fræðilegum grunni. Að fræða um nám og störf er þó ekki einkamál náms- og starfsráðgjafa, margir koma þar að. Rannsóknir hafa sýnt fram á að foreldrar og kennarar gegna stóru hlutverki í þeim efnum og því þurfa allir að vinna saman að því markmiði að upplýsa ungt fólk um möguleikana sem bjóðast að loknum grunnskóla (Trusty, Niles og Carney, 2005).

Náms- og starfsráðgjöf er tiltölulega ung fræðigrein hér á landi sem hefur þróast hægt og sígandi en hefur nú fest sig í sessi í grunnskólum með lagagjöf (lög um grunnskóla nr. 91/2008). En hvernig byrjaði þetta allt saman, í hverju felst náms- og starfsráðgjöf og hver er staða náms- og starfsráðgjafar á Íslandi í dag?

Hér á eftir verður fjallað nánar um náms- og starfsráðgjöf, þróun hennar og markmið ásamt þeim fræðilega grunni sem hún byggir á.

## **Saga og þróun náms- og starfsráðgjafar**

Hægt er að rekja sögu starfsráðgjafar aftur til fornalda (Herr, Cramer og Niles, 2004). Málefni starfsferils einstaklinga fóru að vekja sérstaka athygli sálfræðinga, félagsfræðinga og ráðgjafa í byrjun 20. aldarinnar (Spokane, 1991). Sjónir manna beindust að starfsáhuga og þróun annars vegar og starfsferilsíhlutun og ráðgjöf hinsvegar. Frank Parsons útskýrði hugmyndir sínar um starfsráðgjöf í bók sinni *Choosing a Vocation* árið 1909 en hann er talinn hafa verið frumkvöðull á þessu sviði í Ameríku (Sharf, 2006). Frá þeim tíma hafa þróast margar og mismunandi kenningar. Sögu náms- og starfsráðgjafar í Evrópu má einnig rekja aftur til byrjun 20. aldarinnar. Á Norðurlöndunum, að undanskildu Íslandi, varð náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf að lögum í grunn- og framhaldsskólum á sjötta áratugnum og byrjun þess sjöunda (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990).

Á Íslandi er hægt að segja að fyrstu skrefin hafi verið stigin um miðja síðustu öld. Árið 1951 réði Reykjavíkurborg Ólaf Gunnarsson sálfræðing til þess að sinna starfsfræðslu. Hann samdi kennslubók auk þess sem hann hélt fyrirlestra og skipulagði fræðslu. Í bók hans *Hvað viltu verða?* sem gefin var út fyrir tilstuðlan Fræðsluráðs Reykjavíkur, stendur: „Þetta litla kver er einkum ætlað unglíngum, sem eru í þann veginn að ljúka skyldunámi unglíngastígsins og hafa ekki ákveðið, hvað gera skuli að ævistarfi.“ (Ólafur Gunnarsson, 1962, bls. 7). Í bókinni eru lýsingar á fjölmörgum störfum ásamt hvatningarorðum til lesandans um að hugsa sig vel um og taka vel ígrundaða ákvörðun um „ævistarf“ sem endurspeglar fyrri tíðaranda. Í formála sjöttu útgáfu þessarar bókar gagnrýnir Ólafur sofandahátt Íslendinga og segir að við séum eftirbátar annarra menningarþjóða sem séu nú þegar farnar að skipuleggja starfsfræðslu fyrir unglíng. Hann segir að Gagnfræðaskólinn á Akranesi hafi gerst brautryðjandi og hafi starfsfræðsla verið kennd þar sem fag frá árinu 1962 (Ólafur Gunnarsson, 1965). Árið 1965 var sett reglugerð um starfsfræðslu í 1. og 2. bekk gagnfræðastígsins, ein kennslustund á viku (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990). Einhver starfsfræðsla var í efstu bekkjum gagnfræðaskólans á þessum tíma. Þrátt fyrir það virðist hafa ríkt hálfgerð ládeyða

í þessum málefnum. Nefndarálit, tillögur og ályktanir um eflingu náms- og starfsráðgjafar virðast ekki hafa náð eyrum ráðamanna.

Fram kemur í skýrslu um greiningu á starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur (Sigurbjörg J. Helgadóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, 2006) að á árunum 1989-1991 hafi verið gert sérstakt átak á vegum Menntamálaráðuneytisins og námsráðgjafar ráðnir til starfa í fimm grunnskóla. Eftir að rekstur grunnskólanna fluttist yfir til sveitarfélaganna árið 1996 beittu skólastjórar sér fyrir því að ráðnir yrðu fleiri námsráðgjafar. Haustið 1996 var því stigið stórt skref í átt að því að efla náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum þegar 11 nýjar stöður náms- og starfsráðgjafa voru stofnsettar í Reykjavík. Miðað var við hálfa stöðu námsráðgjafa í hverjum skóla með unglingadeild (Menntamálaráðuneytið, 2007a). Þá voru stöðugildi í grunnskólum landsins orðin 15,5 og að meðaltali 1278 nemendur á hvert stöðugildi (Menntamálaráðuneytið, 1998). Upp frá því hefur náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum fjölgað mikið á landinu. Árið 2003 voru 45 stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum á Íslandi. Skólaárið 2009/2010 voru starfræktir 175 grunnskólar á landinu öllu en þá voru stöðugildi náms- og starfsráðgjafa orðin 83 (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010).

Menntamálaráðherra skipaði starfshóp árið 2006 til að kanna umfang náms- og starfsráðgjafar í skólum og var honum falið að gera tillögur um hvernig styrkja mætti náms- og starfsráðgjöf. Helstu tillögur starfshópsins snérust i stuttu máli um að tryggja rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar, að komið yrði á heildstæðri náms- og starfsráðgjafaráætlun í skólum, að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa og að ráðinn yrði verkefnisstjóri í náms- og starfsráðgjöf í menntamálaráðuneytið til að koma þessum tillögum til framkvæmda (Menntamálaráðuneyti, 2007a).

Réttur grunnskólabarna til náms- og starfsráðgjafar var ekki bundinn í lög fyrr en með grunnskólalögunum sem tóku gildi árið 2008 (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Þar stendur: „Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærum sérfræðingum.“ Fleiri lög benda á rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar. Í 28. grein Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna segir meðal annars að aðildarríkin skuli: „Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám

og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.“ (Barnaheill, e.d.). Í grein um menntun og skólastarf í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 23. gr., stendur: „Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.“ Öflug náms- og starfsfræðsla í grunnskólum gæti lagt lóð á vogarskálar til að stuðla að því að kynjaskipting í námi og störfum minnki og jafnrétti aukist. Í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2006 er talað um að nemendur í efri bekkjum grunnskólans skuli eiga kost á náms- og starfsráðgjöf á vegum skólans (Menntamálaráðuneytið, 2006). Þar er einnig talað um að efla þurfi vitund nemenda um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi og geti gert raunhæfar áætlanir um nám og störf. Fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla að lífsleikni sé námsgrein sem eigi að stuðla að því að byggja upp alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Lífsleiknimarkmiðin eru samin með ýmis lög og skuldbindingar um fræðslu barna í huga. Þar kemur einnig fram að eðlilegt sé að lífsleiknin sé samofin öllu skólastarfi og að æskilegt væri að hver skóli setti fram sína lífsleikniáætlun. Markmið náms- og starfsfræðslu eru mörg þau sömu og markmið námsgreinarinnar lífsleikni (Menntamálaráðuneytið, 2007b).

Þó saga náms- og starfsráðgjafar nái rúmlega hundrað ár aftur í tímann er hún harla stutt hér á landi og segja má að hún sé enn að hasla sér völl. En nú þegar náms- og starfsráðgjöf er lögbundin í grunnskólum og náms- og starfsráðgjafar hafa fengið löggilt starfsheiti hefur stórum áfanga verið náð. En í hverju felst fagleg aðstoð við náms- og starfsval? Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að allir nemendur fái notið náms- og starfsráðgjafar?

## **Í hverju felst fagleg aðstoð við náms- og starfsval?**

Náms- og starfsráðgjöf er í eðli sínu fyrirbyggjandi starf. Heildstæð stefna í náms- og starfsráðgjöf er því alger nauðsyn fyrir grunnskólann sem og önnur skólastig og þarf að vera partur af skólastarfinu alveg frá byrjun. „Einstaklingurinn verður strax á unga aldri að búa sig undir þá staðreynd að menntun er æviverk.“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 8). Þannig eru meiri

líkur á að sú forvörn sem talin er fylgja náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu nái að bera árangur.

Markmið náms- og starfsráðgjafar eru töluvert ólík eftir því hvaða aldursstig verið er að vinna með. Í grunnskólum hefur hlutverk náms- og starfsráðgjafa ekki verið fastmótað og virðist vera nokkuð mismunandi á milli skóla. Menntamálaráðherra skipaði starfshóp til að kanna umfang náms- og starfsráðgjafar í grunn-, framhalds- og háskólum (Menntamálaráðuneytið, 2007a). Jafnframt átti nefndin að koma með tillögur um hvernig styrkja mætti náms- og starfsráðgjöf til nemenda. Í þessari skýrslu er fjallað um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að allir nemendur hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöf í skólum. Ein af tillögum starfshópsins var að réttur nemenda til náms- og starfsráðgjafar yrði tryggður í lögum sem er nú þegar orðið að veruleika (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Hópurinn lagði líka til að sett yrði reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Það hefur þó ekki verið gert. Á meðan hlutverk náms- og starfsráðgjafa er óljóst og mismunandi á milli skóla er hættu á að það bitni á gæðum náms- og starfsráðgjafarinnar. Félag náms- og starfsráðgjafa hefur gefið út leiðbeinandi starfslýsingu fyrir náms- og starfsráðgjafa. Á heimasíðu félagsins kemur fram að meginmarkmið með þessum starfslýsingum sé að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að mynda ramma utan um störf sín. Starfslýsingarnar gera ráð fyrir að starf náms- og starfsráðgjafa skiptist í þrjá meginþætti, það er ráðgjöf í námi og starfi, ráðgjöf við náms- og starfsval og vinnu við þróunarverkefni (Félag náms- og starfsráðgjafa, e.d.).

Náms- og starfsfræðsla er einn þáttur náms- og starfsráðgjafar. Náms- og starfsfræðsla er, auk náms- og starfsráðgjafar, sú tegund markvissrar aðstoðar við náms- og starfsval sem veitt er í grunnskólum. Fræðslan felst í að aðstoða einstaklinga við að kanna áhuga sinn og hæfileika og tengja þessa vitneskju við upplýsingar um nám og störf til að auðvelda ákvörðunartöku um framtíð sína. Markmið náms- og starfsfræðslu er að gera einstaklinga hæfari til að stjórna sínum málum á náms- og starfsferlinum með því að upplýsa þá um nám og störf og efla með þeim hæfni til að velja, áætla og undirbúa starfsferil sinn. Þetta felur í sér sjálfskönnun, náms- og starfskönnun, markmiðasetningar, aðferðir við ákvarðanatöku og áætlanagerð. Ef tekst að bæta líðan nemenda í skóla minnka

líkurnar á brottfalli úr skóla og námsárangur eykst (Menntamálaráðuneytið, 2007a).

Spokane (1991) talar um inn grip, og skilgreinir inn grip sem allt það sem gert er til að aðstoða ráðþega við að þróa starfsferilinn og taka ákvarðanir um nám og störf. Aðstoð og inn grip náms- og starfsráðgjafar fela í sér mismunandi aðferðir. Brown, Krane, Brecheisen, Castelino, Budisin, Miller og Edens (2002) gerðu víðtæka yfirlitsrannsókn sem sýndi fram á fimm tegundir af inn gripum sem þóttu skila góðum árangri. Þeir komu einnig fram með nokkrar tilgátur og reyndu að sýna fram á hvernig best væri að setja saman inn grip til að stuðla að hámarksárangri nemenda. Í þessari yfirlitsrannsókn tóku þeir fjöldann allan af rannsóknum og báru saman niðurstöður þeirra í þeim tilgangi að rannsaka hvort einhverskonar inn grip eða blanda af inn gripum bæri betri árangur en önnur, að teknu tilliti til ýmissa annarra utanaðkomandi þátta (hvernig rannsóknin var framkvæmd, hvernig inn gripin voru framkvæmd, aðstæður þátttakenda, aldur og fleira). Niðurstöður þeirra benda til þess að fimm inn gripsaðferðir (af þeim 19 sem athugaðar voru) eru sérstaklega mikilvægar fyrir árangur náms- og starfsráðgjafar þrátt fyrir utanaðkomandi þætti. Þessi inn grip fela í sér:

1. Vinnubækur og skriflegar æfingar
2. Endurgjöf í einstaklingsviðtali
3. Upplýsingar um störf
4. Fyrirmyndir
5. Aðstoð við áætlanagerð um náms- og starfsferil

Brown og félagar (2002) benda á að mikilvægt sé að þessir þættir séu notaðir með öðrum aðferðum og vara við því að fólk mistúlki þessar niðurstöður og haldi að það eigi aðeins að nota þessa þætti. Í lok greinarinnar setja höfundarnir fram yfirlýsingu sem þeir byggja á niðurstöðum fyrri rannsókna auk þess sem þeir hvetja til enn frekari rannsókna. Þeir telja að þeir sérfræðingar sem sinna náms- og starfsfræðslu geti aukið áhrif inn gripa sinna, óháð öðru sem þeir gera, ef þeir:

- a) Aðstoða ráðþegann við að skrifa niður framtíðarmarkmið, gera raunhæfar áætlanir og fylgja því eftir með einstaklingsviðtali.

- b) Sjá ráðþeganum fyrir tækifærum til að afla upplýsinga á eigin spýtur utan kennslu.
- c) Hvetja ráðþega til að leita að og nýta sér upplýsingar sem þeir hafa fengið utan kennslu.
- d) Gera ráðþegum kleift að bera saman og íhuga störf og áhugasvið, skriflega.
- e) Bjóða upp á einstaklingsráðgjöf í erfiðum málum.
- f) Sýna fyrirmyndir sem hafa fengist við náms- og starfsleit og farið í gegnum ákvarðanatöku á áhrifaríkan hátt (Brown o.fl., 2002).

Náms- og starfsval er þróunarferli sem byrjar mjög snemma á æviskeiðinu og þá eru foreldrar aðaláhrifavaldarnir. Fyrir börn og unglunga er það skólinn sem er þeirra vinna og áhrifin frá umhverfinu eru mikil (Niles og Harry-Bowlsbey, 2002). Náms- og starfsráðgjafar eru hvattir til að byrja snemma að rækta það viðhorf hjá börnum að það sé nauðsynlegt fyrir fólk að stjórna ferlinum sínum (Repetto, 2008). Hver og einn ber ábyrgð á sínum starfsferli. Tilgangur starfsráðgjafar á yngri stigum grunnskólans er ekki að neyða börn til að taka ákvörðun um starfsval áður en þau hafa þroska til, heldur til að koma í veg fyrir að þau taki ótímabæra ákvörðun um að loka á hina ýmsu framtíðarmöguleika (Herr, Cramer og Niles, 2004). Starfsferill fólks mótast ekki af einstakri ákvörðun á einstökum tíma. Starfsferill fólks verður til með tímanum hvort sem fólk skipuleggur hann sérstaklega eða leyfir honum bara að ráðast (Repetto, 2008). Þó hefur verið sýnt fram á að ákvarðanir sem teknar eru á unglingsárunum hafa mikil áhrif á framvindu starfsferils einstaklinga (Trusty, Niles og Carey, 2005). Öflug náms- og starfsráðgjöf er talin geta ráðið miklu um að nemendur geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsval (Menntamálaráðuneyti, 2007a) og hefur öflugt forvarnargildi (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000).

Jafnvel þó margir séu færir um að skipuleggja starfsferil sinn á eigin spýtur, eru miklu fleiri sem þurfa aðstoð, mismikla og við mismunandi þætti á mismunandi tímum í lífi sínu (Repetto, 2008). Þetta er í auknum mæli staðreynd fyrir fjölda fólks í mörgum löndum þar sem miklar samfélagsbreytingar eiga sér stað. Til að geta veitt þá þjónustu sem nútíminn og framtíðin þarfnast, þurfa þeir sem vinna að stefnumótun og þeir sem veita þessa þjónustu, góða grunnþjálfun, öfluga fagþekkingu, hæfni og viðhorf sem eru nauðsynleg hverjum þeim sem



gefur sig út fyrir að aðstoða ráðþega við að kanna áhuga sinn og hæfileika og tengja þá vitneskju við nám og störf.

Fagleg aðstoð við náms- og starfsval þarf að vera aðgengileg öllum svo að fólk geti fengið þá þjónustu sem það þarf, þegar það þarf hana. Síðast en ekki síst þurfa náms- og starfsráðgjafar að vera færir um að veita góða og faglega þjónustu í samræmi við þarfir ráðþeganna (Repetto, 2008). En hvað er fengið með þessari faglegu þjónustu? Skilar náms- og starfsráðgjöf árangri? Það skiptir miklu máli fyrir náms- og starfsráðgjafa að geta fært rök fyrir því sem þeir eru að gera, að sýna fram á að starfið sé að skila árangri (Stone og Dahir, 2007). Hér á eftir verður fjallað um mat á árangri náms- og starfsráðgjafar og rannsóknir sem sýna fram á árangur af náms- og starfsráðgjöf.

## **Skilar náms- og starfsráðgjöf árangri?**

Til að vita hvort náms- og starfsráðgjöf hafi borið árangur þarf að fara fram mat á því hvort markmiðum hafi verið náð. Það er gert til að geta bætt þjónustuna, meðal annars með því að safna gögnum sem sýna fram á gæði hennar og til að meta hvort árangurinn réttlæti kostnaðinn (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002). Það er ekki hlaupið að því að meta árangur af náms- og starfsráðgjöf. Umfjöllunarefni eru oft mjög huglæg og því ekki auðvelt að meta þau á hefðbundinn hátt. Árangurinn felst meðal annars í breytingu í atferli einstaklingsins. Afurðir náms er mælikvarði á árangur í náms- og starfsráðgjöf sem þykir heppilegur. Þá er átt við þekkingu, leikni, viðhorf og fleira sem einstaklingurinn hefur tamið sér sem auðveldar honum umhugsun og ákvarðanatöku í sambandi við nám og störf (Gysbers og Henderson, 2000). Mælt er með vel afmörkuðum spurningum sem hægt er að leggja fyrir auk opinna viðtala (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002). Þeir sem koma að stefnumótun gera í vaxandi mæli kröfu um að vita hverju náms- og starfsráðgjöf skilar í menntunarlegu, félagslegu og efnahagslegu samhengi. Því hefur verið hvatt til þess að aukin áhersla verði lögð á mat og rannsóknir sem sýni fram á gildi ráðgjafarinnar (OECD, 2004). Vandaðar matsrannsóknir geta hjálpað til við að bæta þjónustu við alla nemendur og eykur líkur á að yfirvöld styðji þá nálgun náms- og starfsráðgjafar sem sýnt er fram á að virki (Stone og Dahir, 2007). Nauðsynlegt er að þeir sem ætla að meta skólastarf búi yfir staðgóðri

þekkingu á viðkomandi fagsviði og matsfræðum til að hægt verði að nýta niðurstöðurnar. Það eru mörg álitamál sem geta komið upp og jafnvel hagsmunaárekstrar (Kristín Dýrfjörð, 2004).

Rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar sem fá náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu frá upphafi skólagöngu, bæta árangur sinn í skóla og verða færari í samskiptum og samvinnu. Þeir eru betur undirbúnir fyrir væntanleg störf og hafa meiri þekkingu á starfskönnun og ákvarðanatöku um störf (Menntamála- ráðuneytið, 2007a).

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2000) rannsakaði árangur af náms- og starfsfræðslu nemenda í 10. bekk grunnskóla á Íslandi. Niðurstöðurnar sýna að nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu tóku framförum á ýmsum sviðum í samanburði við þá sem fengu enga fræðslu. Nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu voru eftir veturinn ákveðnari á hvaða námsbraut þeir ætluðu og höfðu aflað sér upplýsinga um nám á fleiri stöðum en þeir sem ekki fengu fræðslu. Nemendur sem höfðu fengið náms- og starfsfræðslu höfðu að henni lokinni, betri þekkingu á líklegu framtíðarstarfi og þeir höfðu aflað sér mun meiri upplýsinga um líklegt framtíðarstarf. Nemendur sem ekki fengu náms- og starfsfræðslu sögðust eiga erfiðara með að taka ákvörðun. Framfarir voru greinilegar hjá þeim hópi sem fékk náms- og starfsfræðslu í að hugsa skipulegar um störf. Náms- og starfsfræðslan og fræðsla um ákvarðanatöku kom að gagni að mati nemendanna, þegar þeir gerðu sér áætlanir um nám og störf í framtíðinni. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja erlendar rannsóknarniðurstöður sem sýna fram á árangur náms- og starfsfræðslu (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 2000: 2007). Þessi rannsókn sýnir greinilega fram á jákvæðan árangur náms- og starfsfræðslu á Íslandi. Önnur rannsókn Guðbjargar (2010) leiddi í ljós að nemendur sem höfðu tekið minnstum framförum í skipulagðri starfshugsun í 10. bekk var hættara við brottfalli. Rannsókn Guðbjargar er langtímarannsókn þar sem framfarir á starfshugsun voru mældar í 10. bekk og námsstaða nemenda skoðuð 8 árum síðar. Guðbjörg Aðalbergsdóttir (2006) skoðaði brottfall úr framhaldssólum með áherslu á innri þætti í starfsemi skóla. Niðurstöður rannsóknar hennar benda til þess að gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum sé einn af fáum þáttum í innra starfi skóla sem getur dregið út brottfalli.

Í bókinni *Career Intervention* vitnar Spokane (1991) í fjöldann allan af rannsóknum sem benda til þess að hverskonar íhlutun gerir gagn, því meiri íhlutun því betri útkoma. Öll fagleg aðstoð, hvort heldur sem er einstaklings- eða hópráðgjöf, sem stefnir að því að gera einstaklinga færari í að velja nám og störf við hæfi er það sem skiptir máli, ekki endilega eðli ráðgjafarinnar. Einstaklingsráðgjöf er þó áhrifaríkust, en jafnframt kostnaðarsamasta aðferðin. Einstaklingsráðgjöf hentar betur en hópráðgjöf fyrir þá einstaklinga sem hafa lágt sjálfsmat, hafa litla félagsfærni, eru óákveðnir eða hafa litlar eða óraunhæfar hugmyndir um störf (Spokane, 1991).

Náms- og starfsráðgjöf hefur ákveðin markmið og í árangursmati er lagt mat á hvort nemendur hafi náð settum markmiðum (Gysbers og Henderson, 2000). Innlendum og erlendum rannsóknum ber saman um að náms- og starfsráðgjöf skili árangri. En vitandi það, hversu árangursrík náms- og starfsráðgjöfin er, hver er þá staðan á Íslandi í dag? Eru nemendur í grunnskólum að fá náms- og starfsfræðslu eins og lög gera ráð fyrir.

Fram kom í rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) að einungis 26 % nemenda taldi sig hafa fengið frekar eða mjög miklar upplýsingar úr náms- og starfsfræðslu. Í rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur árið 1995 kom fram að tæplega helmingur nemenda í 10. bekk fengu litla sem enga kennslu í náms- og starfsfræðslu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 1995). Í skýrslu um greiningu á störfum náms- og starfsráðgjafa í Reykjavík frá árinu 2006 kemur fram að rúmlega 64% náms- og starfsráðgjafa í Reykjavík sögðu að náms- og starfsfræðsla væri kennd hjá þeim. Hjá flestum fór kennslan fram í lífsleiknikennslustundum en í fjórum tilvikum var náms- og starfsfræðsla valgrein. Oftast var kennslan í höndum náms- og starfsráðgjafa en almennir kennarar komu einnig að þeirri kennslu. Fram kemur í rannsókninni að náms- og starfsráðgjafar vildu sinna verkþáttum náms- og starfsráðgjafar meira en þeir gerðu (Sigurbjörg J. Helgadóttir og fl., 2006). Ljóst er að náms- og starfsráðgjafar eiga fullt í fangi með að sinna sínum störfum og þá situr eitthvað á hakanum. Fjöldi nemenda er misjafn milli skóla og ekki í samræmi við stöðuhlutföll náms- og starfsráðgjafa. Lagt er til að nemendafjöldi á hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa verði ekki meiri en 300 (Menntamálaráðuneytið, 2007a). Árið 2009 voru nemendur að meðaltali 517 á

hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum á landinu (Samband Íslenskra sveitarfélaga, 2010). Þetta er einungis meðaltalstala en af henni má dæma að enn vanti margar stöður náms- og starfsráðgjafa til að nemendur á Íslandi sitji við sama borð þegar kemur að náms- og starfsráðgjöf.

Starfshópur menntamálaráðuneytisins lagði meðal annars til að komið yrði á alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun í grunn- og framhaldsskólum sem náms- og starfsráðgjafar hefðu yfirumsjón með. Grundvöllurinn fyrir því að alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun nái til allra nemenda í grunnskólum er að ekki verði fleiri en 300 nemendur að baki hverju stöðugildi náms- og starfsráðgjafa (Menntamálaráðuneytið, 2007a).

Gysbers og Henderson (2000) leggja það til í bók sinni *Developing & Managing your school guidance program* að í ljósi samfélagsbreytinga verði hugarfarsbreyting hjá náms- og starfsráðgjöfum og endurskipulagning, frá því að horfa á náms- starfsráðgjöf sem stöðu, yfir í að horfa á náms- og starfsráðgjöf sem alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun. Þegar alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun er tekin inn í skólastarfið sem heildræn stefna verður náms- og starfsfræðsla miðlæg í menntuninni. Hún verður hluti af skólastarfinu og umbreytandi afl, ekki til hliðar eða sem aukagrein. Þetta starf er enn á upphafsreit og margt er óunnið sem þarf að gera til að innleiða og meta náms- og starfsráðgjafaráætlanir inn í skólastarf (Gysbers og Lapan, 2001).

Gysbers og Henderson (2000) gera áætlun um það hvernig æskilegt er að námsráðgjafinn skipuleggi tíma sinn til að geta sinnt hinum mismunandi þáttum alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlunarinnar svo að vinnan verði markviss og nýtist öllum nemendum. Trusty, Niles og Carney (2005) benda á að margir náms- og starfsráðgjafar sjái náms- og starfsráðgjöf sem sérstakan hluta af starfi sínu frekar en samþættan öðrum skyldum sem þeir gegna. Þeir telja að ef alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun eigi að ná til nemenda þurfi þessi þáttur að vera samofinn heildarskipulaginu. Náms- og starfsfræðsla verður þannig hluti af öllum námsgreinum. Í töflunni hér fyrir neðan sést að áætlanirnar fá mismikið vægi allt eftir því hvaða aldursstig er um að ræða. Fræðsluáætlunin fær minnkandi vægi með hækkandi aldri nemenda og einstaklingsáætlunin aukið vægi.

Samráðsáætlunin tekur svipaðan tíma sama hvert aldurstigið er. Mikilvægast er að gæta þess að þarna sé jafnvægi á milli.

	5-11 ára	12-14 ára	15-17 ára
Fræðsluáætlun	35-45%	25-35%	15-25%
Einstaklingsáætlun	5-10%	15-25%	25-35%
Persónuleg ráðgjöf	30-40%	30-40%	25-35%
Samráðsáætlun	10-15%	10-15%	15-20%

Ljóst er að allir græða á alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun (Gysbers & Henderson, 2000). Nemendur verða hæfari einstaklingar til að takast á við framtíðina eftir að hafa fengið vel skipulagða og samfellda náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf alla skólagönguna. Kennarar fá aðstoð við að leiðbeina nemendum sínum varðandi nám og persónuleg mál. Foreldrar fá tækifæri til að vinna með skólanum að því að byggja upp framtíð barna sinna. Það má ekki líta fram hjá því að foreldrar virðast í mörgum tilvikum hafa meiri áhrif á starfsferilsþróun nemenda en til dæmis kennarar, náms- og starfsráðgjafar, vinir og fólk úti á vinnumarkaðnum (Trusty, Niles og Carney, 2005). Náms- og starfsráðgjafar starfa samkvæmt stefnu skólans við hlið annars starfsfólks eftir ákveðnu kerfi og koma að málum allra nemenda. Náms- og starfsráðgjöf verður hluti af stefnu skólans og hægt er að meta árangurinn. Greining á vanda nemenda verður skilvirkari og líkur á brottfalli minnka. Samfélagið græðir þar sem vinnuafli framtíðarinnar verður hæfara í starfi. Allir sem koma að skólastarfinu eru þátttakendur og gegna ákveðnu hlutverki innan áætlunarinnar. Fjárhagslegur stuðningur er forsenda þess að áætlunin gangi upp en pólitískur vilji og stuðningur stjórnvalda er lykillinn að árangursríkri áætlun (Gysbers og Henderson, 2000).

Borgen og Hiebert (2006) báru saman þrjár viðamiklar rannsóknir sem gerðar voru í mörgum löndum á þjónustu við nemendur. Niðurstöður þeirra gefa til kynna að það þurfi stöðugt að finna nýjar aðferðir til að koma auga á áhyggjuefni ungs fólks þar sem þjóðfélagið breytist ört. Það þarf að hafa raddir unga fólksins í huga þegar aðferðir við ráðgjöf og áætlanir eru þróaðar. Borgen og Hiebert (2006) leggja til að ráðgjafar hlusti í auknum mæli á raddir ráðþeganna.

Skilaboðin frá unglíngunum eru skýr, þeir treysta á að fagfólkið skipuleggi þjónustu við unglínga í takt við þann raunveruleika sem ungt fólk lifir við í dag.

Lög og reglugerðir marka ytri stefnuna og með allhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun er hægt að móta innra starf hvers skóla til að tryggja að náms- og starfsráðgjöf nái til allra. Saga náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum á Íslandi er stutt. En það ætti ekki að koma í veg fyrir að innleiddar verði aðferðir hér á landi sem hafa gefið góða raun í öðrum löndum. Það þarf ekki að finna upp hjólið en það þarf að innleiða það sem sýnt hefur verið fram á að virki í öðrum löndum og staðfæra það í okkar samfélagi. Nemendur þurfa að hafa aðgang að náms- og starfsráðgjafa og metnaðarfullri námsráðgjafaráætlun.

En á hvaða grunni byggja náms- og starfsráðgjafar starf sitt? Faglegt starf einkennist af færni og þekkingu sem aflað hefur verið og rannsökuð með vísindalegum hætti. Kenning er formleg framsetning á rannsóknarmiðuðum hugmyndum. Kenningar geta þannig orðið ráðgjafanum styrkur í starfi sínu. Ráðgjafarkenningar eru einskonar rammi fyrir ráðgjafann þegar hann setur sig inn í vandamál ráðþegans. Starfsþróunarkenningar gefa ráðgjafanum hugmyndir um hvernig hann getur hjálpað ráðþeganum við að þróa með sér hugmyndir um sig sjálfan á starfsferli og stýra þar sínum málum. Kenningarnar segja til um hvernig endanleg útkoma úr ráðgjafarferlinu getur hugsanlega orðið (Sharf, 2005). Hér á eftir verður rætt um kenningar sem liggja að baki náms- og starfsráðgjafarfræðanna.

## **Kenningar í náms- og starfsráðgjöf**

Margar kenningar eru til varðandi náms- og starfsráðgjöf. Þær fjalla um það hvernig fólk tekur ákvarðanir, hvernig fólk tekst á við náms- og starfsval og málefni tengd atvinnu á mismunandi æviskeiðum svo eitthvað sé nefnt. Kenningar um þróun starfsferils leitast við að útskýra hegðun sem á sér stað á löngu tímabili og einkennist af viðbrögðum einstaklingsins við fjölmörgum aðstæðum, reynslu og fólki (Sharf, 2005). Þessar kenningar lýsa og útskýra þróun starfsferils einstaklinga út frá mismunandi sjónarhornum s.s. sálfræðilegum, félagsfræðilegum, líffræðilegum eða efnahagslegum og mismunandi tímabilum á ævinni (Herr, Cramer og Niles, 2004). Ef það eru til einhver meginatriði sem höfundar þessara kenninga geta sammælt um er það að einhverskonar samsömun milli einstaklingsins og umhverfisins muni leiða til heillavænlegrar niðurstöðu í

sambandi við starfsferil (Spokane, 1991). Það gæti verið gott að hafa það í huga að kenningar eru hvorki sannar né rangar (Brown og félagar, 2002). Með því að taka tillit til ólíkra nálgana margvíslegra kenninga er hægt að fá alhliða skýringu á hegðun einstaklingsins á starfsferlinum. Það er þó ekki einfalt mál að skilgreina nákvæmlega hvað veldur hegðun þar sem fjöldamargir þættir, innri sem ytri, geta haft áhrif á einstaklinginn (Kidd, 2006).

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er náms- og starfsval nemenda sem eru að ljúka grunnskóla. Þær kenningar sem ég hef valið til að setja rannsóknarverkefni mitt í samhengi við eru kenning Supers um þróun starfsferils og félagsleg og hugræn starfsferilskenning (SCCT). Kenning Supers fjallar um þróun starfsferils á mismunandi aldursskeiðum, meðal annars um unglingsárin og tengist því vel rannsókn minni. Hún er ein þekktasta kenningin sem fjallar um þróun starfsferils í stigum (Kidd, 2006). Félagaleg og hugræn starfsferilskenning fjallar um trú einstaklingsins á eigin færni og samspil við áhuga, færni og markmið. Kenningin gengur út frá því að náms- og starfsferill þróist út frá trú einstaklingsins á eigin getu og samspil sem verður milli einstaklingsins og umhverfisins. Trú einstaklingsins á eigin getu byrjar snemma að mótast og spilar stórt hlutverk á unglingsárunum og tengist þar með vel við rannsóknarefni þessarar ritgerðar. Hér á eftir mun ég fjalla um þessar tvær kenningar sem leitast við að lýsa og útskýra hvernig starfsferill þróast.

### *Kenning Supers*

Árið 1953 birti Donald Super sína fyrstu kenningu um þróun starfsferils (Savickas, 2001). Super er einn frægasti talsmaður kenninga um þróun náms- og starfsferils. Hinar frumlegu hugmyndir hans hjálpuðu til við að varða leiðina að nýjum áherslum á sviði starfsferilsráðgjafar (Savickas, 2001). Super breytti áherslunni sem hafði verið á það hvernig mismunandi einstaklingar pössuðu í ákveðin störf yfir í það hvernig einstaklingar þróa atvinnuhlutverk (work roles) sitt í gegnum lífið. Super setti fram mikilvæg atriði starfsferils sem innihélt áhrifamikla þroskaþætti, stig, mynstur og þemu. Hugleiðing hans og rannsóknir á þessum þáttum hafa haft mikil áhrif á starfsferilskenningar og hvernig þær eru notaðar í ráðgjöf.

Lífsskeiðskenningar fást við þróun náms- og starfsferilsins á mismunandi æviskeiðum. Kenning Supers er ein af fáum kenningum sem fást við allt lífshlaupið og hefur kenning hans verið rannsökuð meira en nokkur önnur lífsskeiðskenning (Sharf, 2003). Kenningar um þróun starfsferils með tilliti til æviskeiða eru mjög keimlíkar og hafa margar kenningar sprottið út frá kenningum Super (Brown og félagar, 2002). Margir starfsþróunarkenningasmiðir hafa beint sjónum sínum að unglingsárunum þar sem það er sá tími þegar ungt fólk velur nám með tilliti til þess starfsferils sem er þeim efstur í huga. Mikilvægar ákvarðanir varðandi framtíðina eru teknar á þessu æviskeiði. Lífsstigskenningarmíðir hafa verið duglegir að koma auga á þroskaþætti sem eru mikilvægir fyrir einstaklinginn þegar kemur að því að velja starfsferil (Sharf, 2006). Þar sem lífsskeiðskenningar fást við langan tíma verður uppbygging þeirra oft flókin. Það á svo sannarlega við kenningu Super sem er margbrotin og stigskipt.

Stig Supers og undirstig eru bæði tengd og ótengd aldri. Þau eru tengd aldri hvað það varðar að oftast er fólk að fást við viðkomandi hlutverk á ákveðnu aldursskeiði. Hinsvegar eru stigin ekki tengd aldri þar sem einstaklingurinn getur farið í gegnum þessi stig eða undirstigin aftur hvenær sem er á ævinni eða jafnvel verið á fleiri stigum í einu. Hér á eftir eru lífsstigin fimm skýrð í grófum dráttum.

Vöxtur (Growth) varir fram til 15 ára aldurs. Þar ræður forvitnin ferðinni. Könnun (Exploration) varir frá 15 til 25 ára aldurs. Á þessu stigi er einstaklingurinn að afla sér upplýsinga, velja starfsvið, ákveða starf og byrja að vinna. Að koma sér fyrir (Establishment) varir frá 25 til 45 ára aldurs. Einstaklingurinn kemur sér fyrir og byrjar að vinna. Að halda sér við (Maintenance) varir frá 45 til 65 ára aldurs. Þetta stig einkennir stöðugleika í atvinnu. Starfslok (Disengagement) vísar til þess að einstaklingur sér fyrir endann á starfsferli sínum (Sharf, 2006).

Super gengur út frá því að starfsferill þróist alla ævi, en upphaflega þroskast einstaklingurinn frá því að hafa óljósar hugmyndir um nám og störf og um eigin hæfileika til starfa yfir í að leita skýringa. Forvitnin er ein af frumhvötunum og byggir Super kenningu sína um þróun starfsferils ungra barna á því hvernig forvitninni er svalað með könnun. Þær upplýsingar sem barnið fær í könnun sinni getur leitt þess að barnið þrói áhuga. Hann leggur áherslu á að forvitnin geti leitt



til starfstengdrar könnunar síðar meir en að það sé ekki markmiðið á þessu stigi. Inn í þetta fléttast áhrif fyrirmýnda barnsins. Þróun sjálfsmyndar er mjög mikilvæg í kenningu Supers og er afrakstur leitarhegðunar barnsins og þeirrar þekkingar sem það aflar sér (Sharf, 2006).

Savickas (2001) telur að framlag Supers sé mjög merkilegt vísindaframlag til atvinnusálfræðinnar og að með miklu innsæi hafi hann mótað mikilvæga kenningu um starfsferilsþroska (career maturity), áberandi þátt (salience), stig, mynstur og þemu. Líkan Supers og rannsóknir á uppbyggingu þessara þátta eru enn taldar vera í jafn góðu gildi og þegar hann fyrst kynnti hugmyndir sínar á sjötta áratug síðustu aldar. Super varði mörgum áratugum í að rannsaka umfang þróunarferlisins sem mótar val og býr til feril. Til að skilja ferlið sem unglingar ganga í gegnum til að verða tilbúnir til að taka viðeigandi og framkvæmanlegt starfsferilsval einbeitti Super sér að uppbyggingu „áberandi þáttar“ (salience) og þroska.

Það að vera tilbúin til að velja kallaði Super starfsferilsþroska (career maturity), og útskýrði að áhugi og val óþroskaðra ungmenna, ef þau geta komið fram með ákveðið val, megi ekki taka of alvarlega. Í staðinn ætti að hjálpa þeim að þróa hugmyndina áfram og koma í veg fyrir rugling og óákveðni og með tímanum yrðu þeir tilbúnir að taka raunhæfa ákvörðun. Einn af stærstu þáttunum sem gætu sýnt fram á vanþroska í starfsferilsþróun er þegar ungmenni skortir meðvitund og umhugsun um þá ákvörðun sem þau munu brátt standa fyrir.

Super setti fram hugtakið „salience“ sem hægt er að útskýra sem áberandi þátt í hugsunarhætti einstaklingsins í sambandi við atvinnuhlutverkið miðað við önnur hlutverk hans í lífinu. Atvinnuhlutverkið er einungis eitt af mörgum hlutverkum sem einstaklingurinn tekur sér fyrir hendur á lífsleiðinni. Venjulega eru tvö til þrjú hlutverk í forgrunni í lífi hvers og eins á meðan minna fer fyrir öðrum á ákveðnum æviskeiðum. Ef atvinnuhlutverkið er lítilvægt í huga unglings má búast við því að hann hafi ekki enn öðlast þann þroska sem til þarf til að taka raunhæfa ákvörðun um atvinnuval. Unglingar sem láta sig lítið varða um þetta hlutverk gætu grætt á fræðslu og reynslu sem gæti aukið skilning þeirra á mikilvægi atvinnu í lífinu. Ungmenni sem meta hlutverk vinnunnar og eru jafnvel byrjaðir að taka þátt í atvinnulífinu gera sér fljótlega grein fyrir því að þeir þurfa að undirbúa sig undir

það að verða virkir þátttakendur í atvinnulífinu og að lokum þjálfa sig til að gegna tilteknu starfi (Savickas, 2001).

Þetta undirbúningsferli einkennir unglingsárin, tímabilið sem Super kýs að kalla könnunarstig (exploration stage) starfsferilsins. Þetta stig einkennist af könnun, það er að segja aðgerðum og viðbrögðum sem auka sjálfsþekkingu einstaklingsins varðandi gildi, starfsáhuga og getu, ásamt þekkingu á atvinnulífinu. Foreldrar eru aðal fyrirmyndir barnanna þegar þau læra um atvinnulífið og þróa sínar eigin hugmyndir. Aðrar lykilpersónur barnanna eru kennarar og fólk sem börnin þekkjast úr umhverfi sínu (Sharf, 2006).

Rannsóknir Supers gefa til kynna að þáttur könnunarhegðunarinnar er undir viðhorfum einstaklingsins kominn varðandi það að skipuleggja og kanna framtíðina, að líta í kringum sig og að líta til framtíðar. Til að lýsa viðhorfi einstaklingsins gagnvart því að skipuleggja framtíðina bjó Super til orðið „planfulness“ sem hægt væri að þýða á þann hátt að vera tilbúinn til að skipuleggja. Þetta hugtak skýrir Super þannig að einstaklingurinn sé meðvitaður um að fyrir eða síðar komi að því að velja menntun eða atvinnu og sýni atferli sem gefa til kynna að einstaklingurinn sé byrjaður að undirbúa þetta val. Viðhorf einstaklingsins til að kanna framtíðina lýsir sér á þann hátt að einstaklingurinn er virkur í að kanna möguleikana í umhverfi sínu og leiðir sínar til að uppgötva atvinnulífið almennt og valda þætti þess enn nánar. Viðhorf gagnvart skipulagningu og könnun mynda fyrri helminginn af líkani Supers af þróun starfsferils unglunga (Savickas, 2001).

Seinni helmingurinn af líkaninu myndast af tveimur vitrænum færniþáttum sem felast í upplýsingaöflun og ákvarðanatöku. Færni í upplýsingaöflun (informational competence) snýst um að afla sér þekkingar á atvinnu, störfum og starfsferli. Þegar einstaklingur býr yfir færni í upplýsingaöflun bendir það til þess að hann sé hæfur til að vinna úr upplýsingunum og byrja að móta skoðun sína á því hvað hann kýs helst að gera varðandi atvinnu (crystallizing preferences).

Seinni færniþátturinn í líkani Supers er þekkingin og notkun á grundvallaratriðum í ákvarðanatöku. Einstaklingur með mikla færni í ákvarðanatöku veit hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að náms- og starfsvali.

Hann notar þessa færni til að velja með tilliti til áhuga og getu varðandi atvinnu. Þetta þroskaferli kallaði Super að ákveða val (specifying a choice). Samkvæmt líkani hans eru einstaklingar þroskaðir eða tilbúnir til að taka mikilvægar ákvarðanir varðandi starfsferil þegar færni í ákvarðanatöku er studd með nægilegum upplýsingum um störf sem hefur verið aflað með skipulagðri könnun. Á þessu þroskastigi eru einstaklingarnir tilbúnir til að ræða á þýðingarmikinn hátt um val sitt.

Eftir að ákvörðun hefur verið tekin er það þriðji og síðasti þáttur könnunarstigsins sem tekur við en það er að framkvæma valið (implementing the choice) með því að tryggja sér starf í þeirri atvinnugrein sem varð fyrir valinu og prófa að vinna við það. Þessari frumraun getur verið fylgt eftir með varanlegri stöðu. Í nánari útfærslu á uppbyggingu á starfsferlinum hélt Super áfram og kallaði næsta stig sem nær yfir næstu 20 árin, að koma sér fyrir (establishment stage) og vísar til þess þegar fólk kemur sér fyrir, styrkist og þróast áfram í tiltekinni atvinnustöðu (Savickas, 2001).

Engin kenning er sönn og fullkomin. Jafnvel Super sjálfur hefur viðurkennt að það sem hann tók sér fyrir hendur sé ekki fyllilega rannsakað og hugsanlega þyrftu aðrir að taka við og þróa kenningu hans áfram (Brown og félagar, 2002)

Rannsókn mín fjallar um börn sem eru á mörkum uppvaxtarstigs og könnunarstigs Supers. Stig Supers lýsa miklum breytingum og endurspegla vel það sem unglingar eru að fást við þegar þeir taka ákvörðun um áframhaldandi nám eða að fara út á vinnumarkaðinn. Á unglingsárunum mótast einstaklingurinn með sér viðhorf og gildi í tengslum við störf, lærir að samsama sig við ákveðna starfsgrein og stétt. Hann lærir um þau tækifæri sem gefast og hann kynnist margskonar starfsemi í gegnum tómstundastörf eða íhlaupavinnu sem býðst. Á þessum þroskaferli kannar hann, vegur og metur þá möguleika sem hann hefur til starfa og velur í framhaldi af því. Til að gera áætlun þarf hann að hafa nægar upplýsingar, innri hvöt í formi áhuga og framtakssemi, hafa það á tilfinningunni að hann hafi sjálfur stjórn á framtíð sinni og einhverja hugmynd um það hvernig framtíðin gæti orðið. Á meðan þessi atriði eru að þróast er ekki möguleiki að einstaklingarnir séu farnir að gera raunhæfa áætlun um starfsferil heldur þróa þeir


með sér áhuga og hugmyndir (Sharf, 2006). Þetta er upphafið að þróun starfsferils sem heldur áfram langt fram eftir aldri.

### *Félags og hugræn starfsferilskenning*

Félags og hugræn starfsferilskenning (SCCT) byggir á trú á eigin færni og leitast við að útskýra þróun áhuga, náms- og starfsvals ásamt frammistöðu og þrautseigju varðandi nám og vinnu. Þetta er frekar nýleg nálgun en grunnur kenningarinnar liggur í félagsnámskenningum Bandura sem hann setti fram í kring um 1980 (Sharf, 2006; Lent, 2005). Lent (2005) segir að kenningin sé sett fram til að leiða saman þætti frá nokkrum fyrri kennismíðum eins og Super, Holland, Krumboltz ásamt Lofquist og Dawis. Þessum þáttum er raðað saman til fá skýra mynd af því hvernig fólk þróar starfsáhuga, tekur ákvarðanir um störf og nær árangri og stöðugleika í starfi.

Áherslan er á hugræn ferli sem stjórna hegðun einstaklingsins í samspili við viðbrögð umhverfisins. Kenningin gefur til kynna að sú mynd sem einstaklingurinn hefur af sjálfum sér (self-efficacy beliefs) og væntingar til útkomu (outcome expectations) segi til um náms- og starfsáhuga. Sú mynd sem einstaklingurinn hefur af sjálfum sér er skilgreind sem mat einstaklingsins á eigin getu til að skipuleggja og framkvæma það sem hann tekur sér fyrir hendur (*feril af aðgerðum –courses of action* ) sem nauðsynlegt er til að ná tilætluðum árangri. Væntingar til útkomu byggja á persónulegri trú á líklegri frammistöðu. Áhugi leiðir til starfstengdra markmiða sem í framhaldi hafa áhrif á að starfstengd viðfangsefni verða fyrir valinu. Val á viðfangsefnum og þjálfun leiðir til árangurs, til dæmis að öðlast færni. Á sama tíma er sú mynd sem einstaklingurinn hefur af sjálfum sér forspá um markmið, val á viðfangsefnum og árangri. Væntingar til árangurs eru forspá um markmið og val á viðfangsefnum. Þetta útskýrir Lent á mynd sem sýnir hvernig starfsáhugi þróast með tímanum (Sharf, 2006).

Mynd 1: Líkan af því hvernig starfsáhugi þróast



Í náms- og starfsráðgjöf er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir hvaðan trú einstaklingsins á eigin færni er sprottin svo hægt sé að aðlaga ráðgjöfina að einstaklingnum. Þessi trú á eigin færni er talin vera til komin út frá reynslu svo sem:

- Að hafa náð árangri
- Að hafa lært af reynslunni
- Að hafa litlar áhyggjur eða kvíða
- Að hafa fengið hvatningu og stuðning frá öðrum

Grunnurinn er talinn koma að stórum hluta frá fjölskyldunni og nánasta umhverfi, aðrir mismunandi bakgrunnspættir eru félagsleg staða, kyn, þjóðerni og námstækifæri (Kidd, 2006). Samkvæmt félags og hugrænni kenningu eiga sér stað ferli hjá börnum og unglingum, í skólanum, innan fjölskyldunnar, meðal vinanna og í öðrum aðstæðum, sem skipta miklu máli og hafa áhrif á ákvarðanir seinni tíma varðandi val og aðlögun. Unglingarnir öðlast trú á eigin færni og gera sér væntingar um árangur við ýmis verkefni og fá þannig hugmyndir um framtíðarstörf. Þessi ferli tengjast einnig þroskaþáttum sem eru einkennandi fyrir börn og unglinga. Þessi kenning á sérstaklega vel við nemendur í 10. bekk grunnskóla sem eru að velta vöngum yfir því hvert skuli stefna eftir skyldunámið. Þeir þurfa að meta trú sína á eigin færni sem þeir hafa þróað með sér gegnum árin

eins og ferlið hér að ofan lýsir. Það eru bæði einstaklingsbundnir þættir og umhverfisþættir sem hafa áhrif á trú einstaklinga á eigin færni hvort heldur er í námi eða starfi (Lent, 2005).

Það eru margir þættir sem skipta máli fyrir nemendur í 10. bekk sem standa frammi fyrir þeirri miklu ákvörðun um hvert næsta skref eigi að vera á náms- og starfsferlinum. Nemendum sem halda áfram í námi að loknu skyldunámi í grunnskóla hefur fjölgað á undanförunum árum. Þrátt fyrir töluvert framboð af framhaldsnámi eru alltaf einhverjir sem ekki vilja eða ekki geta nýtt sér formlega skólakerfið. Margir hverfa frá námi á fyrstu tveimur árunum. Ungt fólk án framhaldsmenntunar á erfitt uppdráttar í atvinnulífinu og er tæplega 20% atvinnulausra. Ástæður fyrir brottfalli eru margvíslegar en vísbendingar eru um að ekki séu allir tilbúnir að fara í framhaldsskóla þrátt fyrir að vera hvattir áfram af starfsfólki skólanna og jafnvel foreldrum. Aðrar vísbendingar gefa til kynna að nemendur leiti sér ekki upplýsinga hjá fagaðilum en reiði sig frekar á foreldra. Foreldrar eru misjafnlega í stakk búnir til að aðstoða börnin sín. Saga náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum á Íslandi er mjög stutt og vísbendingar hafa komið fram um að nemendur séu ekki að fá þá þjónustu sem lög gera ráð fyrir. Komið hafa fram hugmyndir um hvernig hægt er að skipuleggja þjónustu náms- og starfsráðgjafa með alhliða áætlun þar sem margir þættir vinna að markmiðum náms- og starfsráðgjafarinnar. Til að náms- og starfsráðgjöf nýtist sem flestum þarf hún að vera aðgengileg, skipulögð og byggð á traustum fræðilegum grunni. Kenningar í náms- og starfsráðgjöf eru grunnurinn að öllu þessu starfi.

## **Rannsóknarspurningar**

Hvað eru nemendur í 10. bekk á Íslandi í dag að hugsa varðandi námsferil sinn? Fáar rannsóknir hér á landi hafa tekið fyrir þróun náms- og starfsferils unglunga sem eru að ljúka skyldunámi, þrátt fyrir fjölda erlendra rannsókna á þessu sviði (Sharf, 2003, Brown, 2002, Brown og Lent, 2005). Mikilvægt er að reyna að öðlast innsýn í hugarheim þessara einstaklinga og fá fram þeirra sjónarhorn á þessum tímamótum með það í huga að geta komið enn betur til móts við þarfir þeirra í náms- og starfsráðgjöf. Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í það hvað nemendur í 10. bekk sjá fyrir sér að taki við hjá þeim að loknu

skyldunámi í grunnskóla. Áhersla var lögð á að fá fram fyrirætlanir þeirra og hugmyndir hvað varðar framhaldsnám, hvað þeir töldu að hafi haft hvað mest áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvaðan nemendur telji að þeir fái helst upplýsingar um nám og skóla og hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsnámsins. Til að ná fram þessum markmiðum voru eftirfarandi rannsóknarspurningar settar fram

1. Hverjar eru fyrirætlanir nemenda og hugmyndir varðandi framhaldsnám?
2. Hvað telja nemendur að hafi haft áhrif á ákvörðun sína um nám að loknum grunnskóla?
3. Hvaðan telja nemendur að þeir fái helst upplýsingar um framhaldsskólana?
4. Hverjar eru væntingar nemenda til framhaldsnámsins?

## Aðferð

Hér verður gerð grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við framkvæmd rannsóknarinnar, þátttakendum, framkvæmdinni sjálfri, gagnasöfnun og úrvinnslu gagnanna.

### Aðferðafræðin

Í rannsókninni var stuðst við eigindlegar aðferðir. Fræðileg sjónarhorn eigindlegra rannsakenda hefur áhrif á hvað og hvernig þeir rannsaka og hvernig þeir túlka gögnin. Rannsakendur fylgja sveigjanlegri rannsóknaráætlun og byrja rannsóknina með lauslegri rannsóknarspurningu. Þessar aðferðir byggja á aðleiðslu en þá er ekki lagt upp með ákveðna tilgátu í byrjun heldur er gögnum safnað og kenning þróuð út frá þeim (Taylor og Bogdan, 1998). Eigindlegar rannsóknir eru lýsandi og ganga út á að skilja hvaða merkingu fólk leggur í líf sitt, aðstæður og reynslu. Markmið eigindlegra rannsóknaraðferða er að skilja veröldina eins og þátttakendur skilja hana. Eigindlegar rannsóknir eru kerfisbundnar, krefjast mikillar nákvæmni og fylgja ákveðnum reglum en eru ekki staðlaðar. Rannsakandinn er aðalverkfærið og leggur sig fram um að heyra, sjá og skilja upplifanir þátttakendanna. Hann reynir eins og mögulegt er að setja til hliðar eigin skoðanir, trú, viðhorf og hugmyndir sem hann hefur um rannsóknarefnið (Taylor og Bogdan, 1998).

Í þessari rannsókn varð eigindleg aðferðafræði fyrir valinu þar sem þær aðferðir henta vel þegar kanna á hug einstaklinga og væntingar út frá þeirra sjónarhorni, þar sem ýmislegt ófyrirséð getur komið í ljós (Taylor og Bogdan, 1998). Notuð voru opin viðtöl og stuðst við spurningarramma þar sem efni rannsóknarinnar var lauslega afmarkað. Opin viðtöl veita innsýn í hugsanir,



tilfinningar og reynslu fólks. Markmiðið með opnum viðtölum er að hvetja viðmælandann til að tjá sig óhindrað um það sem honum liggur á hjarta um efni rannsóknarinnar og líkjast viðtölin meira samræðum en formlegum viðtölum (Taylor og Bogdan, 1998). Stuðst er við viðtalsramma þar sem fram koma þeir þættir sem rannsakanda þykir æskilegt að komi fram. Viðtalsspurningarnar gegna því hlutverki að afla upplýsinga sem gera rannsakandanum kleift að svara rannsóknarspurningunum. Viðtalsspurningarnar eru opnar og viðmælandinn hvattur til að segja frá en ekki bara að svara spurningum, þannig getur ýmislegt annað komið fram en rannsakandinn hafði undirbúið sig fyrir. Markmið viðtalsins er að fá fram sjónarhorn viðmælandans, hvaða merkingu og skilning viðmælandinn leggur í það sem verið er að rannsaka. Opin viðtöl veita mikið magn upplýsinga á stuttum tíma en þeirra er aflað milliliðalaust og í niðurstöðum er vitnað beint í frumgögn (Kvale, 1996).

## **Þátttakendur**

Í rannsókninni var notast við fræðilegt úrtak við val á þátttakendum. Fræðilegt úrtak er hluti af markvissu úrtaki, þátttakendur eru valdir með rannsóknarspurningar í huga svo hægt sé að fá sem bestu svörun en slíkt úrtak er algengt í eigindlegum rannsóknum (Richie, Lewis & Elam, 2003). Ég komst í samband við viðmælandur mína með því að tala við fólk sem ég þekki sem benti mér á viðmælandur. Við valið hafði ég í huga að fá fulltrúa breiðs hóps nemenda hvað einkunnir snertir. Það gekk vel að fá viðmælandur og einnig að hitta þá.

Þátttakendur í þessari rannsókn voru ellefu nemendur sem stunda nám í 10. bekk grunnskóla skólaárið 2010-2011, öll fædd 1995, sex stúlkur og fimm drengir. Þátttakendurnir eru frá Reykjavík, nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og frá þéttbýlisstað á Vesturlandi. Þátttakendum var heitið nafnleynd og fullum trúnaði og verður því vísað til þeirra undir eftirfarandi nöfnum: Birgir, Eydís, Harpa, Hrafn, Ingunn, Jón Ingi, Kolfinna, Lúðvík, Ólafur, Sigurbjörg og Tinna.

## **Framkvæmd**

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í september 2010 með gerð rannsóknaráætlunar og tilkynningu til persónuverndar. Þar sem viðmælandur

mínir eru undir 18 ára aldri var upplýst samþykki foreldra fengið í öllum tilvikum auk samþykkis þeirra sjálfra þar sem trúnaði og nafnleynd var heitið.

Gagnaöflun fór fram á tímabilinu frá september og fram í mars 2011. Fimm viðtöl fóru fram í hópherbergi í Þjóðarbókhöðunni og fjögur heima hjá viðmælendum og tvö í grunnskóla viðkomandi þátttakanda. Í öllum tilfellum var staðurinn valinn af þátttakendum eftir tillögur frá rannsakanda.

Viðtölin sem voru að jafnaði 35 mínútna löng, voru hljóðrituð með samþykki þátttakenda og síðan afrituð nákvæmlega innan fjögurra daga. Alls liggja um 370 blaðsíður af vettvangsnótum eftir þessa rannsókn. Að öflun og skráningu gagna lokinni var hafist handa við greiningu þeirra. Vettvangsnótur voru lesnar yfir mjög nákvæmlega og endurtekið og helstu þættir, megin þemu og kóðar sem þar birtust dregnir fram. Minnisblöð voru skrifuð og á grundvelli allra þessara gagna voru niðurstöður fengnar.

Í eigindlegum rannsóknum er lögð áhersla á að skilja einstaklinginn út frá hans upplifun en ekki út frá skoðunum rannsakanda. Til að skilja reynslu og upplifun einstaklingsins á rannsóknarefninu er mikilvægt að rannsakandinn sé meðvitaður um eigin reynslu og hugmyndir um rannsóknarefnið (Creswell, 2007; Taylor og Bogdan 1998). Þar sem ég er starfandi náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla var ég meðvituð um þau áhrif sem það gæti haft á þátttakandann og einnig á úrvinnslu gagnanna. Ég lagði mig fram um að leggja þekkingu mína og reynslu til hliðar og túlka það sem fram kom hjá þátttakendum á hlutlausan hátt. Enginn þátttakendanna stundar nám í þeim skóla sem ég starfa í.

## Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar en markmið hennar var að fá innsýn í það hvað nemendur í 10. bekk sjá fyrir sér að þeir taki sér fyrir hendur að loknu skyldunámi í grunnskóla. Áhersla var lögð á að fá fram fyrirætlanir þeirra og hugmyndir varðandi framhaldsnám, hvað þeir töldu að hafi haft hvað mest áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvaðan nemendur telji að þeir fái helst upplýsingar um nám og skóla og hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsnámsins.

Nokkur meginþemu komu fram í viðtölunum og eru niðurstöðurnar flokkaðar og skipt í þrjú kafla út frá þeim. Fyrst er fjallað um *fyrirætlanir nemenda og hugmyndir varðandi framhaldsnám og hvað nemendur telja að hafi haft áhrif á þessa ákvörðun*. Þar er meðal annars rætt um menntun foreldra og fyrirmyndir í námi innan fjölskyldunnar, ákvörðunin um að fara í framhaldsskóla, áhrifavaldar sem tengjast ákvörðuninni um áframhaldandi nám, hvatning til áframhaldandi náms og stuðningur sem þeir fengu frá ýmsum aðilum og val á skóla og námi. Síðan er skoðað *hvaðan nemendur telji að þeir fái upplýsingar um framhaldsskóla*. Í því sambandi er rætt um hversu virkir nemendur eru í eigin upplýsingaöflun og aðgang þeirra að upplýsingum og hvaðan þeir telja sig fá upplýsingar. Að lokum er fjallað um *væntingar nemenda til framhaldsskólanna* en þar koma fram tilfinningalegir þættir s.s. tilhlökkun og kvíði. Rætt er um það sem býr að baki þessum tilfinningum, hversu vel nemendur telja sig undirbúna undir nám í framhaldsskóla og skoðun þeirra á gæðum framhaldsskólanna.

### Ákvörðunin um nám að loknum grunnskóla

Þegar rætt var við nemendur um fyrirætlanir þeirra og hugmyndir varðandi framhaldsnám og það sem nemendur töldu að hefði áhrif á þá ákvörðun að halda

áfram í námi voru þemun sem fram komu: Menntun foreldranna og fyrirmyndir í námi innan fjölskyldunnar, ákvörðunin um að fara í framhaldsskóla, áhrifavaldar sem tengjast ákvörðuninni um áframhaldandi nám, hvatning til áframhaldandi náms og stuðningur sem þeir fengu frá ýmsum stöðum og val á skóla og námi.

Níu af ellefu þátttakendum búa hjá báðum foreldrum sínum, Lúðvík býr hjá móður og fósturföður og Birgir býr hjá einstæðri móður. Námsferill foreldra þátttakendanna í rannsókninni er mjög misjafn allt frá því að hafa enga formlega menntun yfir í að hafa farið í framhaldsnám á háskólastigi af viðtölunum að dæma. Foreldrar Ólafs og Tinnu eru báðir háskólamenntaðir og hefur móðir Ólafs einnig framhaldsnám á háskólastigi. Harpa á móður sem hefur háskólapróf og föður með iðnmenntun. Sigurbjörg og Ingunn eiga báðar mæður með stúdentspróf og feður með iðnmenntun. Jón Ingi á móður með framhaldsskólamenntun en faðir hans fór ekki í framhaldsskóla. Mæður Hrafns og Lúðvíks hafa enga formlega framhaldsmenntun en feður þeirra hafa iðnmenntun, fósturfaðir Lúðvíks hefur enga formlega framhaldsmenntun. Foreldrar Kolfinnu, Eyðísar og Birgis hafa enga formlega framhaldsmenntun.

Nokkrir nemendur höfðu rætt við foreldra sína um námsferil þeirra og leitað eftir upplýsingum og fengið skýringar. Ingunn hafði rætt þetta við móður sína: „*Hana langaði í meira nám en svo bara fæddist ég og svo var lífið bara byrjað, svo fæddust litlu systur mínar. En hún ætlar kannski að halda áfram þegar þær verða eldri.*“ Sigurbjörg og móðir hennar hafa rætt um áhuga móðurinnar á því að fara í háskóla: „*Hún verður kannski bara samferða mér!*“ Tinna fylgdist með föður sínum þegar hann var í háskólanámi, upplifði áhuga hans og ánægju af náminu. Tinna var sá þátttakandi í rannsókninni sem var hvað mest meðvitaður um menntun foreldra sinna enda mikið rætt um það á heimilinu að hennar sögn. Meirihluti viðmælendanna bar því þó við að hafa aldrei rætt þessi mál við foreldra sína og sumir þurftu virkilega að hugsa sig um þegar þeir voru spurðir út í menntun þeirra: „*Nei... ég held þau hafi enga... nei... ég hef örugglega einhvern tíman spurt... ég bara man það ekki.*“

Í ljós kom að allir viðmælendur mínir ætla sér að halda áfram í námi að loknum grunnskóla og í hugum þeirra var það sjálfsagt mál. Margir gátu rökstutt þessa ákvörðun en aðrir gátu ekki komið orðum að því, fannst það bara sjálfsagt.

Þeir gátu flestir nefnt skóla sem þeir stefndu á eða höfðu í huga þó að sú ákvörðun væri misjafnlega á veg komin. Það voru heldur ekki allir jafn ákveðnir í hvaða nám þeir ætluðu. Í ljós komu svör sem bentu til þess að nemendur höfðu ígrundað þessa ákvörðun sína um nám að loknum grunnskóla misvel.

Það virðist ekki leika á því nokkur vafi í huga nemendanna að framhaldsskólinn sé rökrétt framhald af grunnskólanum og í raun ekki mikilsverð ákvörðun að halda áfram. Margir nefna að þeir hafi ávallt verið ákveðnir í að fara í skóla og að sú ákvörðun hafi verið tekin fyrir löngu síðan. Harpa segir: „*Ég hef einhvernvegin alltaf ætlað í framhaldsskóla. Ég man þegar ég og vinkona mín... það var í 7. bekk, við gistum saman og eitthvað og við skoðuðum fullt af framhaldsskólasiðum og vorum geðveikt að plana.*“ Þátttakendurnir virðast allir upplifa mikilvægi þess að halda áfram í námi og margir segja að það hafi aldrei neitt annað komið til greina. Nefna þeir oft að þeirra bíði nú ekki mikil framtíð án menntunar og að með því að fara í framhaldsskóla séu þeir að skapa sér fleiri tækifæri í framtíðinni. Einnig var ofarlega í huga nokkurra þátttakenda ákveðinn ótti við að lenda í einhæfum láglaunastörfum eða hreinlega að enda atvinnulausir ef þeir héldu ekki áfram námi. Ingunn rökstyður ákvörðun sína með dæmi. „*Það kemur ekkert annað til greina. Ég þekki fólk sem er ekki í skóla og þú veist, þau eru bara að drepast úr peningaleysi því það er svo erfitt að finna vinnu og svona. Þú veist, ég nenni því ekki sko! Það er engin framtíð ef maður fer ekki í skóla sko! Jú það er framtíð... en samt ekki sko!*“ Ólafur, Sigurbjörg og Tinna segjast einnig „*alltaf hafa ætlað*“ í framhaldsskóla og tala nú þegar um háskóla sem sjálfsagt framhald líkt og Ingunn. Þeim finnst að það þurfi varla að orðlengja það neitt eða rökstyðja þessa ákvörðun. Sigurbjörg er mjög ákveðin og segir: „*Annars er ekkert í boði fyrir mann og ég skil það vel.*“ Harpa er ekki jafn ákveðin með háskólanám en það kemur vel til greina: „*Ég veit ekki hvort mig langi geðveikt að fara í háskóla en ég held ég fari samt alveg.*“

Þrátt fyrir að allir séu ákveðnir í að halda áfram eru ekki allir komnir jafn langt á veg með framtíðarplön. Eydís, Kolfinna, Hrafn, Birgir og Lúðvík eru öll ákveðin í að halda áfram eftir grunnskólann en þau hafa ekki öll jafn þróaðar hugmyndir um framtíðina og það gætir óöryggis í orðum þeirra. Eydís orðar það þannig: „*Ég fer örugglega í framhaldsskóla, ég er bara svo lítið farin að hugsa*

*um þetta, ég veit ekki hvað ég á að gera.“ Hún rennir blint í sjóinn. Hrafn er ákveðinn í að það eina rétta sé að halda áfram í námi en segir með örvæntingartón: „Bara... ég er svo rosalega ekkert búinn að ákveða mig, ég veit ekkert hvert ég get farið eða hvað ég á að læra.“ Lúðvík segir: „Ég er að pæla í að fara... jú, ég ætla í framhaldsskóla... bara ég veit ekkert... fer kannski að vinna þegar ég er orðinn 18. Það væri betra að fara í skóla sko. Maður fær betri vinnu og svoleiðis. Ég held að enginn vilji fá svona fólk [einungis með grunnskólamenntun] í vinnu.“ Það vottar fyrir vonleysi og togstreitu þar sem Lúðvík segist ekki vera mikill skólamaður. Birgir er mjög rólegur yfir þessu öllu saman og er nokkuð bjartsýnn á framtíðina og stefnir á háskólanám þrátt fyrir að vera lítið farinn að spá í næsta vetur: „Já, ég ætla í framhaldsskóla. Ég á bara eftir að skoða þetta allt saman, hvað er í boði og svoleiðis. Nú fer þetta allt að hellast yfir.“*

Þátttakendurnir eru allir ákveðnir í að fara í framhaldsskóla og þeir tala allir um að það sé þeirra eigin vilji. Þátttakendur upplifa þó mismikla hvatningu og stuðning í ákvarðanatökunni um að halda áfram í námi, allt frá mjög lítilli hvatningu yfir í nánast of mikla hvatningu að þeirra áliti. Hvatningin kemur oftast frá foreldrum en einnig frá systkinum og öðrum í fjölskyldunni. Nokkrir tala um hvatningu frá starfsfólki skólanna og jafnvel frá íþróttáþjálfara. Fáir nefna vini í þessu sambandi. Sumir hafa margar fyrirmyndir sem gengið hafa menntaveginna á meðan aðrir hafa fáar fyrirmyndir meðal fjölskyldu og vina.

Ingunn, Tinna, Sigurbjörg og Harpa eru allar búnar að taka ákvörðun um hvaða framhaldsskóla þær ætla að sækja um og tala allar um að þær hafi haft þessa skóla í huga í töluverðan tíma. Þær stefna á stúdentspróf og í háskóla að því loknu og eru með mjög ákveðnar skoðanir á því hvað þær ætla að læra í háskóla. Ákveðnir framhaldsskólar urðu fyrir valinu þar sem stelpurnar telja þá veita góðan undirbúning fyrir það nám á háskólastigi sem þær hafa í huga. Þessar stelpur eiga það allar sameiginlegt að búa hjá báðum foreldrum sínum og fá mikla hvatningu og stuðning frá þeim til að halda áfram í námi. Ingunn, Tinna og Sigurbjörg eiga ekki eldri systkini en Harpa er yngst fjögurra systkina og nýtur góðs af þegar kemur að umræðum um framhaldsskóla.

Um hvatningu foreldra sinna og stuðning segir Ingunn: „Ég má ekki hætta í skóla, þau eru bara hörð á því að ég megi ekki... þú veist ég verð að fara í skóla. En ég má fara í hvaða skóla sem er, ég ræð því sjálf, þau borga bara skilurðu!“ Þetta er hennar eigin vilji og metnaðurinn kemur glöggt í ljós: „Mig langar að vera í námi eiginlega alla mína ævi sko, alltaf að læra eitthvað, mig langar í krefjandi nám.“ Hún er með draumaskólann á hreinu: „Ég hef alltaf vitað hvaða skóli þetta er og alltaf langað í hann.“ Hún er einnig búin að velja braut í samræmi við væntanlegt háskólanám. Hún talar um mikinn stuðning frá foreldrum sínum en einnig frá afa og ömmu en þangað sækir hún sér fyrirmynd af framtíðarstarfi.

Tinna talar einnig um stuðning frá ömmu sinni: „Amma mín, hún hefur mikið hjálpað mér að pæla í þessu, segja mér til og svona. Hún býr bara hérna rétt hjá mér og ég er voðalega mikið með henni [...] og systur mömmu, þær eru eiginlega bara eins og stóru systur mínar og segja mér allt.“ Auk þess segir hún að hún ræði þessi mál við foreldra sína. Hún fylgdist einnig spennt með föður sínum sem nýlega lauk háskólaprófi: „Honum finnst nefnilega svo gaman að læra, hann lagði allt í þetta, hann var alltaf að læra. Hann var stundum að sýna manni og mér fannst það mjög spennandi.“ Tinna virðist hafa nóg af fyrirmyndum í kringum sig. Hún er nokkuð ákveðin í hvaða nám hún stefnir í háskóla en þær hugmyndir sækir hún í móður vinkonu sinnar sem hefur nýlokið því námi. „Ég er voðalega mikið heima hjá henni [...] hún kemur kannski og segir okkur frá einhverju skemmtilegu sem hún var að gera og svo spyr ég hana og hún svarar alltaf. Hún er sko algerlega búin að heilla mig af sögunum sko.“ Tinna lýsir því einnig hvernig samkeppni innan bekkjarins hvetur hana áfram í náminu: „Já, ég lenti sko í mjög góðum bekk, við erum hálfgerður íþróttabekkur... við erum öll sko mjög miklir keppnismenn, það er alltaf keppni og það er eiginlega það sem drífur mig áfram... það að við erum alltaf nokkrir krakkar að keppast um einkunnir. Ég er bara svo mikil keppnismanneskja að ég er sko ekki að fara að tapa!“

Foreldrar Sigurbjargar vilja að hún fari í framhaldsskóla og hún talar um mikla hvatningu frá þeim: „Já, mjög mikla, kannski of... samt, já þau vilja að ég fari í menntaskóla og háskóla og mennti mig eins og ég get. Ég er samt að fara út af því að ég vil það sjálf!“ Móðir Sigurbjargar er einnig að hugsa um háskólanám

en þær hafa áhuga á sömu fræðum og Sigurbjörg segir þær mæðgur spá í námið saman.

Harpa segist ekki ræða framhaldsskólamál mjög mikið við foreldra sína, það sé eiginlega óþarfi: „*Það er ekkert voðalega mikið búið að tala um framhaldsskólana, ég hef einhvernvegin alltaf vitað að mig langar í þennan skóla og þau vita það.*“ Hún talar aftur á móti um að þau styðji hana í þeirri ákvörðun sem hún hefur tekið. Tvö af eldri systkinum Hörpu fóru einnig í þennan skóla og segist hún hafa drukkið í sig fróðleik frá þeim. Harpa talar einnig um fagkennara í skólanum hennar sem hefur hvatt hana til að fara á ákveðna braut vegna námsframmistöðu sinnar.

Ólafur, Hrafn, Kolfinna, Eydís, Birgir og Lúðvík eiga það öll sameiginlegt að vera frekar óákveðin þegar kemur að vali á skóla eða námi. Ólafur er ákveðinn að fara í stúdentsnám en er ekki alveg búinn að taka ákvörðun um hvaða framhaldsskóli verður fyrir valinu. Hann er þó með hugmyndir og nefnir skólann sem foreldrar hans fóru í sem einnig er hans heimaskóli. Hann stefnir á háskólanám og veit hvaða braut í framhaldsskóla hann þarf til að komast að í því námi. Hugmyndina um það nám segist hann hafa frá manni sem starfar í því fagi og tengist fjölskyldunni en nefnir einnig að hafa séð þátt í sjónvarpi um þessa fræðigrein. Hann talar um áhugasama og hvetjandi foreldra: „*Já, já.. eða þau eru bara að hvetja mig til þess að gera það sem ÉG vil gera.*“ Ólafur talar einnig um hvetjandi starfsfólk í grunnskólanum og nefnir umsjónarkennarann sinn, námsráðgjafa og skólastjórnendur.

Kolfinna virðist fá skýr skilaboð frá móður sinni: „*Mamma mín segir að ég eigi að fara í skóla en ég má velja skóla. Mig langar geðveikt í einn skóla en... mig langar bara í þann skóla út af skólanum en ég veit ekki um neina braut sem mig langar á. Mig langar ekki að verða neitt... eða þú veist, ég veit ekki hvað mig langar að læra.*“ Fáir í hennar fjölskyldu hafa gengið menntavegin en hún hefur vinina til að ræða við um framhaldsskóla.

Hrafn er ekkert spenntur fyrir neinum ákveðnum skóla: „*Ég held ég bara finni einhvern skóla eftir fagi... ég hlakka ekkert til að fara í einhvern sérstakan skóla.*“ Hann hefur ýmsar ólíkar hugmyndir um fög en hefur ekki tekið ákvörðun.



Aðspurður um hvatningu frá foreldrum segir hann: „*Nei, foreldrar mínir virka ekki þannig, þau leyfa mér eiginlega að gera bara það sem ég vil innan vissra marka [...] þau hvetja mig ekki, þau eru bara svona... þau eru bara þarna. Nei, en ég vildi nú samt óska þess sko.*“ Hér tjáir Hrafn sig um að hann væri alveg til í meiri hvatningu frá foreldrum sínum. En svo talar Hrafn um *afskiptasaman* föður eins og hann orðar það: „*Ég ætlaði fyrst að verða bifvélavirki einhvern tíman en þá bara nei, nei, nei, þú færð enga vinnu og bla, bla, bla. [...] Síðan skipstjóri eða eitthvað úti á sjó, það er örugglega samt eitthvað sem ég myndi ekki gera eftir að pabbi sagði mér að það sé rosalega erfitt líf.*“ Hrafn virðist ekki fá sérstaka hvatningu en er þó ekki látinn afskiptalaus. Hrafn er mikill íþróttamaður og segist fá hvatningu frá þjálfara sínum að mennta sig og standa sig vel í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann talar einnig um hvatningu frá kennurum í skólanum: „*Ég held að það sé bara grunnurinn fyrir allt sem við gerum... að standa okkur vel sko. Ég held að þau hamri það bara inn í okkur.*“

Eydís, Birgir, Lúðvík og Jón Ingi eiga það sameiginlegt að telja það líklegt að þau fari í skólann í næsta nágrenni við þau – heimaskólann. Þau nefna þægindin sem felast í stuttri fjarlægð frá heimili sem eina af aðal ástæðunum fyrir þessu vali. Strákarnir eru allir óákveðnir með braut en Eydís hefur einhverja hugmynd um hvaða braut hana langar á þó hún viti lítið um námið. Eydís segist fá hvatningu frá foreldrum sínum en hefur fáar fyrirmyndir innan fjölskyldunnar. Hún stundar íþrótt og hennar draumur er að fá atvinnu sem þjálfari í greininni. Af orðum Birgis má ráða að hann fái einhverja hvatningu frá móður sinni en engum öðrum innan fjölskyldunnar. Aðspurður um hvað hvetji hann áfram svarar Birgir: „*Umm... ég veit það ekki, ja... bara framtíðin.*“ Birgir veit hvað hann þarf til að ná árangri í framtíðinni: „*Umm... bara duglegur að læra og svona... þola pressu.*“ Þrátt fyrir að vera lítið búinn að spá í framhaldsskóla finnst Birgi líklegt að hann fari í háskóla og veit í hvaða háskólum sú grein sem hann hefur mestan áhuga á er kennd. Hugmyndirnar um grein í háskóla hefur hann fyrst og fremst úr sjónvarpinu að hans sögn en hefur enga raunverulega fyrirmynd í kringum sig. Hann nefnir að þetta sé vel launað starf. Birgir nefnir í framhaldi af þessu atriði sem enginn annar þátttakandi nefndi í þessari rannsókn. Hann lýsti yfir fjárhagslegum áhyggjum sínum af framtíð sinni og taldi að það gæti hugsanlega verið hindrun á menntaveginum. Það mátti greina alvöruna sem þarna stóð á

bakvið og þá staðreynd að jafnvel þó hann ætli sér að ganga menntaveginnum gæti sú ákvörðun verið í hættu að hans mati. Lúðvík gæti hinsvegar verið að hugsa um svipaða hluti þegar hann tæpir á því að fjölskyldan sé ekki vel efnuð þó samhengið sé ekki það sama. Hann upplifir litla hvatningu frá foreldrum sínum: „*Nei, ég má bara ráða þessu. Það er ekki mikið rætt um framhaldsskóla heima. Þau hvetja mig samt til að leita að vinnu.*“ Lúðvík talar um möguleikann á því að fara í skóla í tvö ár og fara svo að vinna á vinnustaðnum þar sem faðir hans vinnur, þar eru reglur um að starfsmenn verði að vera orðnir 18 ára og Lúðvík er með þær upplýsingar á hreinu. Lúðvík á eldri systkini sem hafa flosnað upp úr framhaldsskóla, verið atvinnulaus eða sinnt láglaunastörfum þegar einhverja vinnu var að fá en oft haldist illa í vinnu að hans sögn.

Jón Ingi segist ekki vera alveg viss, hvorki með skóla né braut. Hann útilokar ekki heimaskólann en nefnir þó annan skóla og braut sem honum finnst einnig koma til greina. Þar hefur hann ákveðið starfsheiti í huga og segist hafa dreymt um það í nokkurn tíma. Jón Ingi segir að talað sé um framhaldsskóla á heimilinu og að foreldrarnir hvetji hann til að halda áfram. Jón Ingi á tvo eldri bræður, annar er í framhaldsskólanum sem Jón Ingi stefnir á og hinn er í háskóla. Hann segist hinsvegar ekki fá miklar upplýsingar um skólann frá bróður sínum og að þeir bræðurnir ræði sjaldan um skólamál.

Það er áberandi meðal drengjanna í rannsókninni hve lítið þeir virðast tala um framtíðarplön sín við vini sína og segja að þeir ræði lítið sem ekkert um framhaldsskóla sín á milli. Stúlkurnar nefna hinsvegar flestar að þær tali gjarnan um framhaldsskóla við vinkonur sínar. Enginn kannaðist við að velja skóla eins og vinirnir eða að vinirnir eltu þá eitthvert.

Margir nemendur höfðu skoðun á þeim skólum sem kallaðir eru heimaskólar eða forgangsskólar samkvæmt reglum Menntamálaráðuneytisins (hér á eftir nefndir heimaskólar) og hugðust ekki sækja um þá. Þeir sem vildu ekki fara í sína heimaskóla báru því meðal annars við að þeir vildu fara í stærri skóla, skóla lengra í burtu, betri skóla eða vildu frekar fara í menntaskóla en fjölbrautaskóla og öfugt.

Tinna hefur ákveðna skoðun á sínum heimaskóla sem er fjölbrautaskóli: „*Já ég held að hann sé bara svona allt í lagi skóli sko, en mig langar bara ekkert að*

fara þangað.“ Tinnu langaði einu sinni í fjölbrautaskóla: „*En það er bara enginn fjölbrautaskóli sem mér finnst nógu góður skóli.*“

Hrafn hefur ekki ákveðið hvert hann vill fara en hefur svipaða sögu að segja og Tinna um heimaskólann: „*Ég er engan vegin spenntur, mig langar bara ekki þangað, þetta hljómar eitthvað svo óspennandi og mér hefur bara fundist það alla mína ævi!*“

Margir töldu heimaskóla sinn ekki nægilega góðan skóla. Aðrir notuðu orð eins og „*hallærislegur skóli*“ um heimaskóla sinn eða vísuðu í að þá langaði í nýtt umhverfi og til að kynnst nýjum krökkum. Ingunn segir: „*Mig langar bara ekkert að fara þangað sem allir fara, þá breytist ekki neitt. Ég vil kynnst fullt af nýju og skemmtilegu fólki.*“ Harpa kys að fara í fjölbrautaskóla, hlakkar til að kynnst nýjum krökkum og segir: „*Mig langar sko alls ekki í bekkjarkerfi, ég er ekki þannig týpa, ég er sko komin með alveg nóg eftir 10 ár hérna.*“

Allir nemendurnir höfðu heyrt umræðu um góða eða vinsæla framhaldsskóla meðal unglunga og aðra sem ekki þykja góðir skólar og eru jafnvel taldir „*óvinsælir*“. Þeir höfðu mjög samhljóma skoðun á hvaða skólar þetta væru. Þau voru sammála um að þessi orðrómur bærisk manna á milli, að allir vissu þetta. Fáir gátu rökstutt þessa skoðun sína.

Ólafur notaði orðið „*tískuskólar*“ yfir vinsælustu skólana og skilgreindi þá skóla þannig: „*Það þarf örugglega hæstu einkunnirnar inn í þá skóla.*“ Hann gaf lítið út á skoðun sína á þessum skólum en kom með þessa gullvægu setningu: „*Frænka mín sagði hérna... að það væri eiginlega ekki skólinn heldur nemandinn sem myndi ákveða það hvað væri gott og eitthvað þannig, fer bara eftir því hvernig nemandinn stendur sig.*“

Sigurbjörg vitnar í nemendur í þeim framhaldsskólum sem voru bestir að hennar mati og ber fyrir sig samanburði á frammistöðu nemenda í háskóla eftir því hvaðan þeir koma en er samt sem áður ekki alveg sannfærð: „*Krakkarnir sem eru í skólunum segja að þetta séu geðveikt góðir skólar fattarðu og þeir sem koma í háskólann standa sig betur, það er búið að bera saman en það er samt erfitt að*

*bera það saman af því að fólk er mismunandi.*“ Hún leggur hart að sér í náminu með það að markmiði að komast í einn af þessum skólum.

Kolfinna hefur einnig svipaðar skoðanir á þessum skólum. Hún stefnir á einn af þessum skólum sem í huga ungmennanna eru góðir skólar og á erfitt með að rökstyðja skoðun sína en segir að lokum: *„Mig langar bara ekkert í einhvern skóla sem allir komast í sko.“* Hún hefur ekki kannað hvaða brautir eru í boði í þessum skóla eða hvaða einkunnir þarf til að komast inn í skólann.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður varðandi fyrirætlanir og hugmyndir þátttakendanna varðandi framhaldsnám kemur í ljós að allir eru ákveðnir í að halda áfram námi að loknum grunnskóla. Í huga allra nemendanna var það sjálfsagt mál að halda áfram. Þeir gáfu það í skin að það væri rökrétt framhald af grunnskólanum því annars væri lítið í boði fyrir þau. Flestir hafa einnig valið skóla og braut en þó eru nokkrir sem enn eru óákveðnir með hvaða nám verður fyrir valinu. Þátttakendur upplifa mismikla hvatningu og stuðning í ákvarðanatökunni um að halda áfram í námi, allt frá mjög lítilli hvatningu yfir í nánast of mikla hvatningu að þeirra áliti. Hvatningin kemur oftast frá fjölskyldumeðlimum en einnig frá starfsfólki skólanna og jafnvel frá íþróttáþjálfara. Fáir nefna vini í þessu sambandi. Sumir hafa margar fyrirmyndir sem gengið hafa menntavegin á meðan aðrir hafa fáar fyrirmyndir meðal fjölskyldu og vina. Allir höfðu skoðun á því hvaða skólar væru bestu skólarnir og flestir höfðu hugmynd um skóla sem þeir töldu ekki eins góða. Nokkrir höfðu neikvæða skoðun á sínum heimaskólunum á meðan aðrir stefna einmitt í sína heimaskóla.

## **Upplýsingar um framhaldsskólana**

Þegar rætt var við nemendur um hvaðan þeir teldu að þeir fengju helst upplýsingar um framhaldsskólana voru þemun sem fram komu: Hversu virkir eru nemendur í eigin upplýsingaöflun, aðgangur nemenda að upplýsingum og hvaðan nemendur telja að þeir fái upplýsingar.

Mikill samhljómur er milli þess hve virkir nemendurnir virðast vera í eigin upplýsingaöflun og hversu ákveðnir þeir eru með skóla og brautir. Nemendur

sem telja sig vera virka í upplýsingaöflun eru ákveðnir en þeir sem hafa lítið leitað að upplýsingum eru óákveðnir. Nemendur telja sig hafa góðan aðgang að upplýsingum og tala um að hægt sé að fá upplýsingar á netinu. Þegar leitað var eftir nánari skilgreiningu nefndu þeir heimasíður framhaldsskólanna. Ekki höfðu þó allir nýtt sér þessar upplýsingar. Margir nefna að þeir fái upplýsingar frá fjölskyldunni. Enginn hafði leitað sér upplýsinga hjá námsráðgjafa í grunnskólanum sínum en nokkrir tala um að námsráðgjafi komi til þeirra. Einn þeirra nefnir að hann ætli að tala við námsráðgjafa í viðkomandi framhaldsskóla.

Ingunn, Tinna, Sigurbjörg og Harpa eru allar búnar að ákveða skóla og nám. Þær virðast hafa verið mjög virkar í að afla sér upplýsinga á ýmsan hátt, s.s. á netinu, í heimsóknnum í framhaldsskóla, talað við nemendur sem eru í framhaldsskólum og leitað fanga innan fjölskyldunnar og meðal vina. Þær eiga það einnig sameiginlegt að hafa aflað sér upplýsinga um það háskólanám sem þær stefna á með það í huga að velja viðeigandi braut í framhaldsskóla. Ingunn segist helst hafa fengið upplýsingar á netinu og hjá fjölskyldunni. *„Við vinkonurnar erum líka að tala mikið um þetta og svo þekki ég líka krakka sem eru í framhaldsskóla.“* Tinna talar um að hafa helst fengið upplýsingar hjá móður sinni, ömmu, frænkum, vinkonum og móður vinkonu sinnar ásamt því að fara inn á netið. Aðspurð hvort hún hafi leitað til námsráðgjafa í grunnskóla segir hún: *„Nei, það er ekki mikið talað við hana, þú veist það er eiginlega enginn... það er eiginlega ekki nema að eitthvað sé að eiginlega að maður fari til hans. Það hefur aldrei verið komið til okkar og boðið okkur upp á það að fara til hans eða þannig, nema í sambandi við val.“* Tinna þurfti einmitt að leita til námsráðgjafans vegna valsins: *„Ég sá að það voru allavega bæklingar hjá henni um allavega skóla. Ég fékk samt að fá bækling... ég spurði hvort ég mætti fá.“* Sigurbjörgu finnst hún ekki hafa þurft að leita til náms- og starfsráðgjafa: *„Við mamma spáum bara í þetta saman.“* Harpa tók í sama streng og Sigurbjörg og segist hafa fengið allar upplýsingar sem hún hafi þurft hjá systur sinni.

Ólafur segist lítið hafa leitað sér upplýsinga en segir þó: *„Ég hef bara heyrt það sem foreldrar mínir og frændfélk segja um skólana.“* Ólafur talar um fræðslu náms- og starfsráðgjafa: *„Hann tók það líka námsráðgjafinn þegar hann kom inn í kennslustundir hjá okkur. Hann er samt ekkert búinn að ræða það neitt*

sérstaklega við okkur hvaða skóli bíður eða neitt þannig. Hann er búinn að ræða við okkur um muninn á fjölbraut og menntaskóla og svoleiðis. [...] Eitthvað líka um áfanga.“ Ólafur hafði samt aldrei leitað til námsráðgjafans eftir upplýsingum. „Það er eiginlega enginn í hópnum sem ég er í sem hefur farið til námsráðgjafans... það er aðallega farið til hans ef þeir eru ósáttir með valfagið sem þeir eru í og vilja fá að skipta eða þannig.“

Eldri systkini geta reynst vel og verið góður upplýsingabrunnur. Þeir nemendur sem eiga eldri systkini tala flestir um að fá upplýsingar frá þeim, en þó ekki allir. Stundum eru eldri systkini ekki góðar fyrirmyndir.

Hrafn segist ekki hafa leitað markvisst eftir upplýsingum. Hann ber traust til eldri systur sinnar sem er útskrifuð úr framhaldsskóla og finnst gott að fá upplýsingar frá henni: „Systir mín hefur troðið alveg helling í hausinn á mér af þessum upplýsingum.“ Hann á einnig bróður sem er í framhaldsskóla en telur hann ekki góða fyrirmynd: „Hann er náttúrulega ekki dæmigerður unglingsur og er ekkert að stunda námið vel sko.“ Hann á vini í framhaldsskólum en segist ekki geta tekið mikið mark á þeim: „Ég á alveg eldri vini skilurðu sem eru busar í fullt af skólum og þá er það bara – þessi skóli er bestur komdu í hann, ekkert annað. Það er bara svoleiðis sem ég er ekkert að hlusta á.“ Um námsráðgjafann segir hann: „Námsráðgjafinn hefur komið í einn og einn tíma og sagt okkur frá þessu. [...] bara að kynna fyrir okkur möguleikana og bara að útskýra þetta fyrir okkur. [...] Það er líka fyrir utan stofuna, sko hjá námsráðgjafanum í skólanum þá er fyrir utan stofuna, þar eru bara allir menntaskólarnir, öll fögin og allar einkunnir sem þarf, og ég hef bara rosalega mikið tekið eftir því af því ég er svo mikið þarna á ganginum.“ Hrafn naut aðstoðar náms- og starfsráðgjafa vegna persónulegra vandamála þegar hann var yngri og þekkir hann því ágætlega. Hann er jákvæður gagnvart þeirri hjálp sem hann fékk en hefur þó ekki leitað til hans eftir upplýsingum um framhaldsskóla.

Birgir segist ekki hafa aflað sér upplýsinga á netinu en talar um bækling sem hann fékk í pósti frá einum framhaldsskólanum sem virðist hafa vakið hann til umhugsunar. Hann þekkir fáa í framhaldsskóla en nefnir þó eina frænku: „Já, en ég myndi nú ekki treysta hennar reynslu. Hún er ekki með góða mætingu og svoleiðis.“ Birgir hefur lítið sem ekkert samband við eldri bróður sem hefur lokið

framhaldsnámi og segist aldrei hafa rætt um framhaldsnám við hann. Um aðstoð frá móður sinni varðandi upplýsingar segir hann: „*Hún reynir.*“ Birgir heldur að það sé náms- og starfsráðgjafi í skólanum hans en hann hefur aldrei leitað til hans. Stuttu seinna rifjast það þó upp fyrir honum að sennilega hafi náms- og starfsráðgjafinn eitthvað komið inn í bekkinn að tala við krakkana. Hann leggur hinsvegar mikið traust á umsjónarkennara sinn sem virðist ræða mikið við krakkana um framhaldsskóla. Birgir viðurkennir að hafa ekki verið sérstaklega virkur í eigin upplýsingaöflun og segir: „*Ég bíð bara slakur!*“

Lúðvík er sá sem virðist minnst hafa leitað sér upplýsinga um framhaldsskóla og fer ekki í neinar grafgötur með það: „*Ég hef ekkert leitað!*“ Fjölskyldan talar lítið um skóla og eldri bræður hans hættu í framhaldsskóla. Hann hélt þó að náms- og starfsráðgjafinn hefði eitthvað komið inn í bekkinn en mundi ekki eftir því um hvað hann hafði talað. Hann hefur aldrei farið til hans og gat ekki útskýrt það nánar.

Allir þátttakendurnir töldu sig hafa góðan aðgang að upplýsingum um framhaldsskóla. Allir þátttakendurnir höfðu aðgang að nettengdri tölvu og flestir höfðu eitthvað farið á netið og skoðað heimasíður framhaldsskóla. Í skólum allra þátttakendanna er starfandi náms- og starfsráðgjafi.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður um hvaðan nemendur telja sig vera að fá upplýsingar um framhaldsskólana kemur glöggst í ljós hversu mismunandi virkir nemendur eru í eigin upplýsingaöflun og misjafnlega áhugasamir. Einnig kemur fram mismunur á því hversu virkan þátt fjölskyldan tekur í upplýsingaöflun nemendanna. Misskiptingin er mikil, allt frá því að nemendur standi nánast einir yfir í að vera umkringdir fjölskyldumeðlimum og öðrum sem tilbúnir eru að upplýsa þá um leyndardóma framhaldsskólalífsins. Langflestir gátu leitað til fjölskyldna sinna, foreldra eða systkina. Nokkrir nefndu kennara sem ræddu gjarnan um framhaldsskóla við þá. Margir höfðu haft frumkvæði af því að afla sér einhverra upplýsinga, í flestum tilvikum á netinu. Sumir virtust ótrúlega rólegir. Námsráðgjafar höfðu komið með fræðslu inn í bekki í mörgum tilfellum en enginn hafði leitað til námsráðgjafa að fyrra bragði til að leita eftir upplýsingum um framhaldsskóla. Allir töldu sig hafa góðan aðgang að upplýsingum.

## Væntingar nemenda til framhaldsskólanna

Þegar væntingar nemenda til framhaldsskólanna eru skoðaðar koma fram tilfinningalegir þættir líkt og tilhlökkun og kvíði. Rætt er um það sem býr að baki þessum tilfinningum, hversu vel nemendur telja sig undirbúna fyrir að fara í framhaldsskóla og skoðun þeirra á gæðum framhaldsskólanna.

Tilhugsunin um að hefja nám í framhaldsskóla reynist flestum bæði jákvæð og neikvæð. Flestir eru spenntir og margir eru einnig kvíðnir. Tinna er eiginlega bara spennt: „*Mér finnst þetta rosalega spennandi, nýir krakkar, nýr skóli. [...]* Ég held að þetta verði aðeins erfiðara sko, ég er líka alveg til í það... þannig að ég er bara mjög spennt sko. Ég er alveg til í að fara bara núna!“ Hún hefur miklar væntingar til félagslífsins í framhaldsskólanum: „*Já ég held að félagslífið verði miklu... eða bara öðruvísi en samt bara ótrúlega skemmtilegt.*“ Tinnu gengur vel í námi og nefnir meðaleinkunn yfir 9. Hún segist leggja mikið á sig í náminu og hætti meðal annars að æfa íþrótt sem hún hafði æft í mörg ár með góðum árangri, til að hafa meiri tíma fyrir námið.

Sigurbjörgu finnst bara spennandi að byrja í framhaldsskóla, hún talar einnig um meira og skemmtilegra félagslíf. Sigurbjörg er góður námsmaður að eigin sögn og virðist sjálfstæð: „*Ég er alltaf með 9 og 10. Mér finnst ég samt ekki fá næga kennslu en það er allt í lagi, ég læri þetta eiginlega bara sjálf eða heima, fá hjálp hjá mömmu og pabba, líka afa.*“ Hún telur sig vera vel undirbúna undir nám í framhaldsskóla en telur samt sem áður að námið verði erfiðara og það verði mikil viðbrigði að byrja í framhaldsskóla.

Ingunn kvíðir því ekki að fara í framhaldsskóla, nema þá helst að komast ekki inn í þann skóla sem hún vill fara í. Ingunn segir meðaleinkunn sína vera á bilinu 8 - 9 og telur sig vel undirbúna fyrir nám í framhaldsskóla: „*Já, mér finnst erfitt nám skemmtilegt.*“ Hún talar um að hún hafi beðið eftir þessum tímamótum með eftirvæntingu í nokkurn tíma.

Harpa er hógvær. Hún kvíðir engu og er bara spennt. Hún hefur mikla trú á sjálfri sér og er ekki í nokkrum vafa um að hún sé vel undir nám í framhaldsskóla



búin. Hún segist alltaf fá 8-10 og er ekki í nokkrum vafa um að komast í það nám sem hún stefnir á og hlakkar til.

Ólafur lýsir tilhugsuninni um lífið í framhaldsskóla þannig: „*Umm... bara skrítin tilhugsun. Þú veist það á allt eftir að breytast og þannig. [...] Námið verður þyngra og eitthvað þannig. [...] Ég veit ekki alveg hvað á eftir að gerast þá. Veit ekki með hverjum ég lendi í skóla, hvort það verður einhver sem ég þekki eða þannig.*“ Það er óvissan sem stendur uppúr hjá Ólafi en henni fylgir vægur kvíði. Ólafur segist stunda námið vel og nefnir einkunnir á bilinu 8-9.

Hrafn virðist vera að standa sig nokkuð vel og nefnir einkunnir á bilinu 7-9. Hann hefur góða trú á sjálfum sér. Hann hlakkar ekki til en kvíðir ekki heldur. Hann telur sig vel undirbúinn undir nám í framhaldsskóla en það sem veldur honum mestum áhyggjum er hve óákveðinn hann er.

Kolfinna kvíðir frammistöðu sinni: „*Ég held ég fari í framhaldsskóla, geti ekki neitt og hætti í framhaldsskóla!*“ Hún talar um að sér gangi ágætlega í námi og nefnir einkunnir á bilinu 8-9 en virðist þrátt fyrir það ekki hafa mikla trú á sjálfri sér. En hún hefur ekki áhyggjur af félagsskapnum.

Birgir viðurkennir að vera bæði kvíðinn og spenntur: „*Ég er bara svo ógeðslega feiminn!*“ Hann telur að feimnin geti flækst fyrir sér en hefur litlar áhyggjur af náminu. Það er einhver beygur í honum og hann sækist ekki eftir auknu félagslífi og nýjum vinum: „*Ég er ekkert mikið fyrir svona félagslíf í skólum og svoleiðis. Mínir vinir spila mikið tölvuleiki, þannig að við erum oft í tölvuleikjum á kvöldin.*“ Þrátt fyrir kvíðann er hann einnig spenntur þó hann geti ekki útskýrt það nánar.

Í sama streng tekur Eydís. Hún hefur svolitlar áhyggjur af frammistöðu sinni í ákveðnum greinum: „*Ég á örugglega eftir að falla!*“ Eydís hefur áhyggjur. Henni hefur ekki gengið vel í skóla fram að þessu, fengið sérkennslu en segir að hún sé farin að standa sig betur núna. Hún talar um einkunnir í kring um 5 og hefur ekki mikla trú á eigin getu.

Jón Ingi segist vera frekar kvíðinn og lýsir því þannig: „*Kannski ef maður eignast enga vini, maður er bara einn eitthvað labbandi um og eitthvað bara, það*

*er svona mesti kvíðinn.*“ Hann telur sig þó vel undirbúinn undir námið og telur að það eigi ekki eftir að verða svo erfitt: „*Ekki endilega, ef maður nennir bara að taka upp bækurnar og læra og svona, sem maður þarf að gera í framhaldsskólanum, þá er þetta ekki erfitt þannig séð.*“ Aðspurður segist hann ekki leggja sig fram í náminu og viðurkennir að geta meira: „*Ég gæti alveg staðið mig betur, ég bara nenni því ekki.*“ Hann telur sig ágætan námsmann en nefnir einkunnir í kringum 5.

Lúðvík telur að það verði skemmtilegra í framhaldsskóla en er í grunnskólanum og talar um öðruvísi félagslíf. Hann kvíðir hinsvegar að hitta fyrrverandi skólafélaga sína sem nú eru í þeim skóla sem hann stefnir á og talar um hluti eins og einelti. Lúðvík segist ekki hafa velt náminu í framhaldsskólanum fyrir sér og viðurkennir að hann leggi ekki mikið á sig í náminu í grunnskólanum. Lúðvík er ekki áhugasamur námsmaður og segir flestar einkunnir í skólanum vera undir 5 og hefur litla trú á sjálfum sér. Lúðvík segist ekki hafa áhuga á neinu, ekki einu sinni í frístundum.

Kvíðinn tengdist einnig þeirri staðreynd að það er enginn alveg öruggur með að komast inn í ákveðinn skóla þó allir eigi að komast inn í einhvern skóla samkvæmt lögum. Ingunn segir: „*Hvað ef ég kemst ekki inn? Þá er bara lífið búið sko!*“ Ingunn tekur kannski full djúpt í árina en þessi hugsun endurspeglar samt raunverulegan kvíða sem kemur fram hjá langflestum þátttakendum á einhvern hátt.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður varðandi væntingar nemendanna til framhaldsskólanna má segja að þótt mismunandi tilfinningar komi fram lýsi nemendur flestir samblandi af spennings og kvíða. Spennan tengist því að takast á við nýja hluti, kynnast nýju fólki og komast í félagslíf framhaldsskólanna. Það sem er spennandi er í sumum tilvikum einnig kvíðvænlegt. Nokkrir eru aðallega kvíðnir og tengist það oftast áhyggjum af því að kynnast nýjum félögum, hvernig þeir muni standa sig í námi og hvort þeir muni komast inn í óskaskólana. Ungu fólkið er að fara út í eitthvað sem er framandi fyrir flesta og það býst við breytingum sem í flestum tilvikum eru jákvæðar en margir gera ráð fyrir því að það verði mikil viðbrigði. Allir eru sammála um að þeir haldi að námið verði

eitthvað erfiðara. Þrátt fyrir allt þetta telja þátttakendur að þeir séu vel undir það búnir að hefja nám í framhaldsskóla óháð einkunnum sínum.

## Umræður

Rannsókn mín beindist að nemendum í 10. bekk grunnskóla sem eru að nágast þann tímapunkt að taka ákvörðun um hvað þeir ætla að gera að loknu skyldunáminu. Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í það hvað nemendur í 10. bekk sjá fyrir sér að taki við hjá þeim að loknu skyldunámi í grunnskóla. Áhersla var lögð á að fá fram fyrirætlanir þeirra og hugmyndir hvað varðar framhaldsnám, hvað þeir töldu að hafi haft hvað mest áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvaðan nemendur telji að þeir fái helst upplýsingar um nám og skóla og hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsnámsins.

Í ljós kom að allir nemendurnir sem tóku þátt í þessari rannsókn voru ákveðnir í að fara í framhaldsskóla en margir voru ekki alveg ákveðnir með námið sjálft eða í hvaða skóla þeir ætluðu. Langflestir voru hvattir til að fara í framhaldsskóla af foreldrum sínum eða öðrum í fjölskyldunni, starfsfólki grunnskólanna og í einstaka tilfellum af íþróttabjálfulum. Flestir lýstu þó einhverskonar innri hvöt, að sú ákvörðun að halda áfram væri sjálfsgöð og ekki þyrfti sérstaka hvatningu til. Fram kom rökstuðningur sem fól í sér nauðsyn þess að halda áfram í námi því annars væri lítið í boði. Upplýsingar um framhaldsskólana segjast nemendur helst fá frá fjölskyldu sinni, af netinu og sumir töluðu um fræðslu frá námsráðgjafa. Enginn hafði leitað sérstaklega til námsráðgjafa til að fá upplýsingar. Þegar rætt var um væntingar tjáðu nemendur sig um tilfinningar eins og tilhlökkun og kvíða. Tilhlökkunin tengist því að skipta um umhverfi, kynnast nýju fólki og komast í tæri við félagslíf framhaldsskólanna. Kvíðinn tengist hinu óþekkta en einnig kom fram hjá nokkrum nemendum kvíði í sambandi við félagstengsl og frammistöðu í námi. Þrátt fyrir það töldu nær allir nemendurnir að þeir væru vel undir nám í framhaldsskóla búnir.

## **Fyrirætlanir nemenda og hugmyndir varðandi framhaldsnám og það sem hafði áhrif á þá ákvörðun**

Að loknu tíu ára skyldunámi í grunnskóla er komið að nemendum að taka ákvörðun um hvort þeir ætla að halda áfram í námi eða fara út á vinnumarkaðinn. Í ljós kom að allir viðmælendur mínir í þessari rannsókn ætla að halda áfram í námi. Nýjustu tölur Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, e.d.) sýna að 95% nemenda haldi áfram í námi og tölur úr rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) sýna að 98% nemenda ætluðu í nám þegar þeir voru spurðir um miðjan maímánuð, rétt áður en lokaskráning fór fram. Mismunurinn á tölum Svanhildar og Hagstofunnar vekja upp spurningar hvort einhverjir nemendur heltist úr lestinni frá miðjum maí og fram í ágústlok þegar framhaldsskólarnir hefjast. Það getur einnig átt við niðurstöður þessarar rannsóknar þar sem viðtölin voru tekin snemma á skólaárinu eða frá því í september og fram í mars. Það vekur einnig upp spurningar hvernig þeir óákveðnu bregðast við þegar þeir eru spurðir, segjast þeir bara vera ákveðnir til að sleppa við að skera sig úr hópnum?

Þegar þátttakendur í þessari rannsókn voru beðnir að tilgreina hvað þeir teldu að hefði haft áhrif á ákvörðun þeirra um að halda áfram í námi komu fram svör sem öll bentu í sömu átt, að án framhaldsmenntunnar væri lítið í boði fyrir þá. Þeir virtust meðvitaðir um að með því væru þeir að skapa sér betri tækifæri í framtíðinni. Þetta rökstuddu sumir með góðum dæmum en aðrir gátu ekki rökstutt þessa ákvörðun, þeir ætluðu bara í framhaldsskóla. Fram kom hjá einum nemandanum að hann þekkti nemendur sem höfðu flosnað upp úr námi en ættu í erfiðleikum með að finna vinnu og sumir væru atvinnulausir. Annar á systkini sem eru í þessum sporum. Erfitt ástand á atvinnumarkaðnum og peningaleysi er raunveruleiki. Þetta er sú sýn sem unglingar skynja og kom fram hjá mörgum nemendum á einn eða annan hátt. En hvaðan koma þessar hugmyndir þeirra? Víða er rætt um þetta á þennan hátt meðal annars í fjölmiðlum. Það eru allir hræddir við að ungdómurinn fái ekkert að gera og spjari sig ekki í lífinu, að þetta sé ekki gæfulegt líf sem blasir við ungu fólki sem fer ekki menntavegin. Hvaða möguleika á unglingur sem segist ekki vera mikill skólamaður en gerir sér samt grein fyrir því að það vilji enginn „svona fólk“ í vinnu, það er að segja einungis með grunnskólamenntun? Atvinnuleysi er umrætt vandamál og stór hópur

atvinnulausra er einmitt ungt fólk án formlegrar menntunar (Félags- og tryggingamálaráðuneyti 2009). Það er ljóst að ungt ómenntað fólk á oft erfitt uppdráttar í atvinnulífinu. En það má ekki líta fram hjá því að á atvinnuleysissskrá er líka fólk með menntun, jafnvel háskólapróf eins og fram hefur komið.

Sumir gáfu til kynna langan aðdraganda, að þeir hefðu „alltaf“ ætlað í nám. Super leggur áherslu á að náms- og starfsferill þróist frá unga aldri (Sharf, 2006). Hann rannsakaði mikið hvernig unglingar þroskast og verða tilbúnir að takast á við hin ýmsu þætti náms- og starfsferilsins (career maturity). Starfsferilsþroski einstaklinga er ferli sem byrjar snemma að mótask og einkennir fyrstu tvö stigin í kenningu hans um stigskiptingu starfsferilsþróunar. Þegar unglingar eru óákveðnir getur það bent til þess að einstaklingarnir séu ekki komnir langt á veg í starfsferilsþroskanum (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002).

En það er ekki nóg fyrir unglिंगana að taka ákvörðun um að halda áfram í skóla eins og um það bil 95% nemenda gera ár hvert. Brottfall er gríðarlega hátt á fyrstu tveimur árunum í framhaldsskóla. Ástæðurnar geta verið margvíslegar eins og komið hefur fram meðal annars hjá Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur (2010) þar sem nemendum sem höfðu sýnt litlar framfarir í skipulagðri starfshugsun í 10. bekk var hættara við brottfalli. Trusty, Niles og Carney (2005) benda á að nemendur verði að vera vel undirbúnir fyrir nám í framhaldsskóla. Sá undirbúningur á sér meðal annars stað í grunnskóla þar sem nemendur tileinka sér vönduð vinnubrögð, að setja sér markmið og annað sem til þarf til að ná árangri í frekara mæli (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002). Milson og Dietz (2009) benda á að það sé ekki hægt að mæla hversu tilbúnir nemendur séu til að hefja framhaldsnám með einkunnum einum saman. Framhaldsskólarnir fara samt eingöngu eftir einkunnum. Þeir taka árangur nemenda í 2-4 greinum og veita nemendum inngöngu eða hafna út frá þeim forsendum. Nú þegar öllum nemendum er tryggð skólavist fram að 18 ára aldri má búast við að stór hópur unglिंगa sem eru í raun og veru ekki tilbúnir fyrir framhaldsnám hefji samt sem áður nám. Framboð á námi er frekar einsleitt fyrir ákveðna hópa, til dæmis þá sem ekki ná viðmiðunareinkunnum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.-a).

Jafnvel þó nemendum sé tryggð skólavist til 18 ára aldurs og jafnvel lengur eins og nú stendur fyrir dyrum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.-b) er

ekki víst að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þó er það ánægjulegt að nemendum sem af einhverjum ástæðum hverfa frá námi skuli vera gert kleift að koma aftur inn í skólakerfið jafnvel til 25 ára aldurs ef þeir kæra sig um það. Eins og Super benti á þá ganga unglingar í gegnum ákveðin stig í starfsferilsþróun sinni sem hann tengir aldri en tekur fram að þau fari ekki alfarið eftir aldri (Sharf, 2006). Ef unglingar eru ekki tilbúnir við 15 ára aldur, hafa ekki öðlast nægan starfsferilsþroska, þá er gott að vita að þeir hafa tækifæri síðar til að hefja nám að nýju.

Í þessu ljósi vakna spurningar um á hvaða forsendum verið er að hvetja ungt fólk sem ekki hefur náð miklum árangri í grunnskóla, til að fara í áframhaldandi nám. Er framhaldsskólakerfið í stakk búið til að taka á móti þessum nemendum með námsframboð við hæfi? Eru nemendur tilbúnir til að hefja nám í framhaldsskóla og ná árangri þegar sú hefur ekki verið raunin í grunnskóla. Mín skoðun er sú að þarna sé stórt óbrúað bil. Grunnskólinn þarf að gera betur og framhaldsskólinn þarf að gera betur. Hugsanlega heimilin líka.

Þátttakendurnir í rannsókninni töluðu flestir um mikla hvatningu frá foreldrum í sambandi við að fara í framhaldsnám. Stundum var hvatningin svo áköf að hún var meira í ætt við skipun eins og einn þátttakandinn orðaði það. Þetta vekur upp spurningu um hvort foreldrar geti verið svo ákafir í að hvetja börnin til að fara í framhaldsskóla að ekkert annað komi til greina, að í raun hafi börnin ekkert val. Þegar þátttakendur voru spurðir hvort ákvörðunin um að fara í skóla væri þeirra val svöruðu því allir játandi. Sýnt hefur verið fram á að stuðningur við ungt fólk í námi er mjög mikilvægur en skortur á stuðningi fjölskyldunnar er einmitt ein af þeim ástæðum sem brottfallsnemendur hafa gefið upp (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson, 2003). Tveir þátttakendur í rannsókninni skáru sig úr hvað það varðar að þeir telja sig ekki fá hvatningu frá foreldrum til áframhaldandi náms. Þeir eru frekar óákveðnir með nám en ætla samt í skóla.

Foreldrar sem ekki hafa gengið menntaveginnum standa stundum höllum fæti þegar kemur að því að leiðbeina börnum sínum í sambandi við nám og störf (Gibbons og Borders, 2010). Þeir fimm þátttakendur í þessari rannsókn sem áttu báða foreldra með menntun umfram grunnskóla voru ákveðnir með skóla og nám,

Ólafur var ákveðinn með námsbraut og var með líklegan skóla í huga en ekki harðákveðinn. Einn þátttakandi býr hjá móður sem hefur framhaldsmenntun en föður sem ekki hefur menntun umfram grunnskóla. Hann var frekar óákveðinn en hafði þó nám og skóla í huga sem gætu komið til greina. Fjórir þátttakendur eru börn foreldra sem hafa ekki framhaldsmenntun og einn býr hjá móður og fósturföður sem ekki hafa framhaldsmenntun. Athygli vekur að þessir fimm þátttakendur sem síðast voru nefndir voru áberandi óákveðnir með hvaða nám yrði fyrir valinu. Þrír höfðu hugmynd um líklegan skóla en tveir höfðu litla eða enga hugmynd um hvaða skóli yrði fyrir valinu. Hér koma fram nokkuð skýr tengsl milli þess hve ákveðnir nemendur eru með skóla og nám og menntun foreldranna. Börn foreldra með menntun umfram grunnskóla voru ákveðnari en börn foreldra sem höfðu enga formlega menntun umfram grunnskóla. Hafa þarf í huga í sambandi við þessar niðurstöður að upplýsingar um menntun foreldranna eru frá börnunum komnar og því settar fram með þeim fyrirvara.

Nemendur upplifa hvatningu frá fleirum, til dæmis starfsfólki í grunnskólum, kennurum, skólastjórnendum og náms- og starfsráðgjöfum og einnig voru íþróttaþjálfarar nefndir til sögunnar. Einn nemandinn orðaði það þannig að starfsfólk skólans „hamraði“ það inn í nemendur að grunnurinn að öllu væri að standa sig vel. Þessi skilaboð starfsfólksins til nemenda eru nokkuð raunhæf. Þeir sem standa sig vel námslega hafa meiri möguleika, þeir hafa möguleika á að sækja um í fleiri framhaldsskólum og hafa því aðgang að fjölbreyttara námi. Birgir nefnir að framtíðin sé það sem hvetji hann áfram án þess að útskýra það neitt nánar. Er framtíðin ekki einmitt það sem við erum alltaf að hugsa um?

Þegar nemendur voru inntir eftir ástæðu þess að þeir ætla að halda áfram í námi kom skýrt í ljós hversu sjálfsagt þeim fannst það að halda áfram. Margir áttu erfitt með að rökstyðja þessa ákvörðun. Eins og áður sagði er fyrsta skrefið að taka ákvörðun um að fara í framhaldsskóla eins og þátttakendurnir í þessari rannsókn hafa nú þegar gert. Þá er komið að næstu ákvörðun sem snýst um hvaða nám verður fyrir valinu. Það kom í ljós að meirihluti þátttakendanna hafði valið skóla og/eða nám. Ákvörðun þeirra var oft byggð á nákvæmri upplýsingaöflun. Þó voru nokkrir sem höfðu lítið eða ekkert aflað sér upplýsinga og sögðust bara „bíða slakir“ og gáfu þannig í skyn að þeir þyrftu nú ekkert að flýta sér að afla sér



upplýsinga. Einungis einn nemandi var það óákveðinn að hann gat ekki nefnt líklegan skóla eða líklega braut. Fleiri voru óákveðnir með brautir eða sex af ellefu þátttakendum. Eins og fram hefur komið voru tæplega 80% nemenda í rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) búnir að ákveða skóla og 72% nemenda voru með ákveðnar brautir í huga. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman má ætla að þar geti verið samhljómur á milli. Af svörum nokkurra þátttakenda má líka ætla að það hafi ekki allir verið jafn ákveðnir þar sem þeir svara á þann hátt að þeim finnst líklegt að ákveðnir skólar verði fyrir valinu.

Það er nokkuð ljóst að nemendur eru misjafnlega undir það búnir að taka ákvörðun um framhaldsnám. Aldur og þroski fara ekki saman eins og Super bendir á í kenningu sinni. Bakland þeirra er líka misjafnt, fyrirmyndir í námi og störfum, stuðningur og hvatning. Allir hafa sama aðgengi að upplýsingum á netinu en fjölskyldur þátttakendanna eru misjafnlega í stakk búnar til að veita þeim aðstoð. Aðgengi nemenda að náms- og starfsráðgjöfum er einnig misjafnt en ætti samt ekki að standa í vegi fyrir því að nemendur leiti til þeirra. Það gæti verið að það vantaði meiri tengingu milli námsráðgjafans og nemendanna. Spurningar vakna um hvort nemendur séu meðvitaðir um þær upplýsingar sem náms- og starfsráðgjafar geta veitt.

Samkvæmt kenningu Supers um þróun starfsferils eru þátttakendurnir í þessari rannsókn á mörkum vaxtarstigs (growth) og könnunarstigs (exploration). Sumir jafnvel komnir vel á veg yfir á könnunarstigið. Vaxtarstigið einkennist af forvitni og könnun. Forvitnin er drifkrafturinn og könnunin er hegðunin sem svarar forvitninni. Með könnun öðlast einstaklingurinn þekkingar á umhverfinu. Þessi þekking og hvernig unnið er úr henni er grunnurinn að þroska einstaklingsins. Hlutverk fullorðinna sem fyrirmyndir barna eru nauðsynlegar í þróun sjálfsmýndar einstaklingsins. Fyrirmyndir barna eru foreldrar, kennarar, þekktir einstaklingar og einstaklingar í umhverfi barnsins. Sjálfsmýnd einstaklingsins er að mótast á þessum árum og fram eftir unglingsárunum (Sharf, 2006).

Viðmælendurnir í rannsókninni minni höfðu allir tekið ákvörðun um að fara í áframhaldandi nám. Í huga þeirra virtist það ekki erfið ákvörðun. Það kom hinsvegar skýrt fram að ákvörðunin var ekki jafn vel ígrunduð hjá öllum þar sem

sumir svöruðu á þá leið að þeir færu nú sennilega bara í sinn heimaskóla. Þessir einstaklingar höfðu lítið leitað sér upplýsinga. Niðurstöður Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2000) sýndu að nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu voru eftir veturinn ákveðnari á hvaða námsbraut þeir ætluðu og höfðu aflað sér upplýsinga um nám á fleiri stöðum en þeir sem ekki fengu fræðslu. Ekki er hægt að bera þessar niðurstöður saman við niðurstöðurnar í minni rannsókn þar sem nemendur voru óvissir hvað náms- og starfsfræðsla fól í sér. Þeir nemendur sem töluðu um að náms- og starfsráðgjafinn kæmi stundum inn í bekk með fræðslu voru ekki með það á hreinu hvort það væri náms- og starfsfræðsla.

Þegar Super talar um þróun starfsferils unglunga leggur hann áherslu á að þar eigi sér stað þróun áhuga, færni og gilda. Þetta tengir hann könnunarstiginu. Hvernig og hvenær þetta á sér stað tengist starfsferilsþroska (career maturity) sem er hluti af kenningu Super (Sharf, 2006). Ætla má að þátttakendurnir í þessari rannsókn hafi öðlast mjög mismunandi starfsferilsþroska.

Í þessari rannsókn voru þátttakendur spurðir hvort þeir væru hvattir til áframhaldandi náms eða upplifðu stuðning og þá frá hverjum. Viðmælendur mínir upplifðu flestir mikinn stuðning foreldra sinna, þó var munur á hvatningunni þeirra, allt frá mjög lítilli hvatningu yfir í nánast of mikla hvatningu að þeirra áliti. Hvatningin kemur oftast frá foreldrum en einnig frá systkinum og öðrum í fjölskyldunni. Nokkrir tala um hvatningu frá starfsfólki skólanna og jafnvel frá íþróttþjálfara. Fáir nefna vini í þessu sambandi. Sumir hafa margar fyrirmyndir sem gengið hafa menntaveginn á meðan aðrir hafa fáar fyrirmyndir meðal fjölskyldu og vina.

## **Hvaðan fá nemendur upplýsingar um framhaldsskólana?**

Stór hluti af náms- og starfsráðgjöf er að miðla upplýsingum. Upplýsingar um nám og störf þurfa að liggja fyrir svo nemandi geti tekið upplýstar ákvarðanir í tengslum við náms- og starfsferil sinn. En til að vinna úr þessum upplýsingum verður einstaklingurinn að vera tilbúinn til þess (Herr, Cramer og Niles, 2004).

Þátttakendurnir í rannsókninni reyndust vera mjög misjafnlega virkir í eigin upplýsingaöflun og áhuginn var einnig mismikill. Nokkur tengsl voru á milli þess

hve virkir nemendur voru og hversu ákveðnr þeir voru með skóla og nám. Sumir hafa safnað upplýsingum í langan tíma og virðast vera reiðubúnir til að taka vel ígrundaða ákvörðun á meðan aðrir hafa lítið sem ekkert velt fyrir sér möguleikum sínum þegar einungis nokkrir mánuðir eru til stefnu.

Rannsóknir Supers gefa það til kynna að þáttur könnunarhegðunarinnar sé undir viðhorfum einstaklingsins kominn varðandi það að skipuleggja og spá í framtíðina, að líta í kringum sig og að líta til framtíðar. Til að gefa til kynna viðhorf einstaklingsins gagnvart því að skipuleggja framtíðina bjó Super til orðið „planfullness“ sem hægt væri að þýða á þann hátt að vera reiðubúinn til að skipuleggja. Þetta hugtak skýrir Super þannig að einstaklingurinn sé meðvitaður um að fyrr eða síðar komi að því að velja menntun eða atvinnu og sýni atferli sem gefa til kynna að einstaklingurinn sé byrjaður að undirbúa þetta val með því að afla sér upplýsinga. Þetta er hluti af könnunarstigi Super (Savickas, 2001). Þegar nemendur eru virkir í upplýsingaöflun bendir það til þess að þeir séu reiðubúnir. Þegar nemendur hafa lítið aðhafst gæti það bent til þess að þeir hafi ekki náð þeim þroska sem til þarf til að afla sér upplýsinga (Sharf, 2006).

Nemendur telja að þeir fái helst upplýsingar af netinu og frá fjölskyldunni; frá foreldrum sínum og systkinum, frændfólki, ömmum og öfum. Einnig nefndu nokkrir kennara sem ræddu gjarnan um framhaldsskóla við þá. Í rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) var spurt um hvaðan nemendur fengju helst upplýsingar um framhaldsskóla. Þar kom í ljós að nemendur höfðu helst aflað sér upplýsinga um framhaldsskólana í skólaheimsóknum og á heimasíðum framhaldsskólanna en fáir sögðust fá upplýsingar hjá ættingjum og kennurum. Þegar niðurstöður þessara rannsókna eru skoðaðar sést bæði samræmi og ósamræmi. Samkvæmt báðum rannsóknunum leita nemendur að upplýsingum á netinu en mismunandi niðurstöður koma fram í sambandi við upplýsingar frá fjölskyldunni. Í þessari rannsókninni eru margir sem taka það fram að aðalupplýsingarnar komi frá fjölskyldunni. Þetta gefur tilefni til að kanna nánar hvar 10. bekkjar nemendur afla sér upplýsinga og hvort það er mismunandi eftir því hvenær skólaársins þau eru að afla sér upplýsinga.

Framhaldsskólar halda úti heimasíðum sínum og velja þær upplýsingar sem þar birtast. Margir gefa einnig út bæklinga sem nemendur geta nálgast til dæmis á

Framhaldsskólakynningum. Herr, Cramer og Niles (2004) tala um að algengasta form upplýsinga sér ritað mál sem gefið er út til dæmis í bæklingum. Efnið sem aðgengilegt er á menntagatt.is var upprunalega bæklingur þó nú sé hann einungis gefinn út á netinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.-a). Þetta efni er eina hlutlausu upplýsingaefnið sem stendur til boða um íslenska framhaldsskólakerfið. Herr og félagar (2004) segja að reynslan af prentuðum upplýsingum sýni að þær séu ekki nægilega árangursríkar. Þeir benda á að margir eigi í erfiðleikum með að skilja þannig upplýsingar, þær séu oft á tíðum þurrar og veiki ekki áhuga lesandans. Þeir benda einnig á að upplýsingar úreldist fljótt og tala um mikilvægi þess að uppfæra upplýsingar reglulega. Allir þátttakendurnir höfðu aðgang að nettengdri tölvu og höfðu því tækin til að afla sér upplýsinga á netinu s.s. heimasíðum skólanna. Þrátt fyrir það höfðu ekki allir gert það. Upplýsingar sem hægt er að nálgast á netinu koma öllum til góða, óháð búsetu. Allir þátttakendurnir töldu sig hafa góðan aðgang að upplýsingum. Það vekur upp spurningar hvort nemendur geri sér grein fyrir því hvaða upplýsingar þeir þurfa á að halda. Óljóst er hversu tilbúnir nemendur eru til að notfæra sér þessar upplýsingar á eigin spýtur og hversu auðvelt nemendur eiga með að vinna úr þessum upplýsingum án nokkurrar aðstoðar.

Það er gott að fara á vettvang, skoða aðstæður og tala við einhvern sem þekkir þær aðstæður vel til dæmis nemendur eða starfsfólk framhaldsskólanna (Herr, Cramer og Niles, 2004). Rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) sýndi að 73% nemendanna fannst þeir hafa fengið frekar eða mjög miklar upplýsingar í heimsóknum í framhaldsskóla og 44% nefndu að þeir hefðu fengið frekar eða mjög miklar upplýsingar í heimsóknum þegar opin hús voru í framhaldsskólunum. Opnu húsin eru skipulögð seinnipart dags og foreldrar og nemendur geta kíkt í heimsókn. Heimsóknir í framhaldsskóla eru farnar að frumkvæði náms- og starfsráðgjafa og eru á skólatíma. Þessar heimsóknir eru tímafrekar og ekki möguleiki fyrir alla grunnskóla að bjóða upp á slíkar heimsóknir.

Í rannsókninni kom í ljós að námsráðgjafar höfðu komið með fræðslu inn í bekki hjá nokkrum þátttakendum en enginn hafði leitað til námsráðgjafa að fyrra bragði til að leita eftir upplýsingum um framhaldsskóla. Í rannsókn Svanhildar (2010) kom hinsvegar fram að 45% nemenda taldi sig fá miklar eða mjög miklar

upplýsingar hjá náms- og starfsráðgjafa en einungis 26% í náms- og starfsfræðslu. Ekki kemur fram í rannsókn Svanhildar hvort þátttakendur leituðu að eigin frumkvæði til námsráðgjafans. Í rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur árið 1995 kom fram að tæplega helmingur nemenda í 10. bekk fengju litla sem enga kennslu í náms- og starfsfræðslu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 1995) og í skýrslu um greiningu á störfum náms- og starfsráðgjafa í Reykjavík frá árinu 2006 kemur fram að rúmlega 64% náms- og starfsráðgjafa í Reykjavík sögðu að náms- og starfsfræðsla væri kennd hjá þeim. Það er athyglisvert sem kemur fram í rannsókninni að náms- og starfsráðgjafar vildu sinna þessum þáttum betur. Þeir sjá þörfina en spurningar vakna um hvað veldur (Sigurbjörg J. Helgadóttir og fl., 2006). Upplýsingar frá nemendum í rannsókninni minni um náms- og starfsfræðslu verður að taka með fyrirvara þar sem ekki er víst að þeir skilgreini náms- og starfsfræðslu á þann hátt sem náms- og starfsráðgjafar gera. Þörf er á nýjum upplýsingum um í hve miklum mæli náms- og starfsfræðsla er kennd á Íslandi. Þær upplýsingar gætu verið hvati til náms- og starfsráðgjafa að gera enn betur í þessum efnum.

Í rannsókn Eddu Bjarkar kom fram að 54% nemenda taldi sig ekki þurfa á aðstoð náms- og starfsráðgjafa að halda. Eins og fram hefur komið benda Domene, Shapka og Keating (2006) á mikilvægi þess að ná til þeirra nemenda sem eru ekki líklegir til að leita sér aðstoðar. Í því sambandi nefna þau nemendur með litlar væntingar gagnvart náms- og starfsferli en benda einnig á að rannsaka þurfi betur hvaða einstaklingar það eru sem eru í mestu þörfinni fyrir ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar voru til staðar í skólum allra þátttakendanna þó nemendur hefðu mismunandi aðgang að þeim þegar tekið er tillit til stöðuhlutfalls og fjölda nemenda. Fram kom hjá einum viðmælanda mínum að hann „héldi“ að það væri námsráðgjafi í skólanum. Þetta svar ásamt svörum úr rannsókn Eddu Bjarkar (2004) sem sýna að nemendur voru óvissir með hlutverk náms- og starfsráðgjafa, gætu verið vísbendingar um að kynning námsráðgjafa á starfi sínu hafi ekki skilað sér nægilega vel til nemenda. Það er alvarlegt mál ef nemandi í 10. bekk er ekki viss um hvort þjónusta náms- og starfsráðgjafa er til staðar í skólanum. Nemandi leitar ekki eftir þjónustu sem hann veit ekki að stendur til boða. Ein skýring á þessu gæti legið í því hversu ung náms- og starfsráðgjöfin er í

grunnskólum á Íslandi. Foreldrar vita jafnvel ekki til hvers er ætlast því þeir hafa ekki sjálfir reynslu af náms- og starfsráðgjöf frá því þeir voru í grunnskóla sjálfir. Með alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun (Gysbers og Henderson, 2000) er leitast við að ná til allra nemenda á skipulegan hátt. Ef vel tekst til njóta allir nemendur þjónustunnar og þá ætti ekki að fara fram hjá neinum að þjónustan er til staðar. Foreldrarnir eru einnig virkjaðir þannig að ekki ætti vitneskjan að fara fram hjá þeim.

Fram kom í máli nokkurra þátttakanda að mikið væri rætt um skólamál á heimilum þeirra. Það voru einstaklingarnir sem voru ákveðnir í að mennta sig og höfðu ákveðið nám í huga. Ein og fram hefur komið telur Super (Sharf, 2006) að foreldrar séu aðalfyrirmyndir barnanna þegar þau læra um atvinnulífið og þróa sínar eigin hugmyndir. Aðrar lykilpersónur barnanna eru kennarar og fólk sem börnin þekkja úr umhverfi sínu (Sharf, 2006.) Að ræða um mikilvæg mál eins og framhaldsmenntun á heimilinu er alger frumforsenda til að vekja unglunga til umhugsunar og stuðla að starfsferilsþroska þeirra. Super leggur áherslu á þátt upplýsingagjafar frá einhverjum sem börn þekkja (Sharf, 2006). Eins og fram hefur komið er forvitnin drifkrafturinn í uppvextinum og könnunarhegðunin sem þar fer á eftir er styrkt með upplýsingagjöf. Þetta er flókið samspil þar sem lykilpersónur gegna veigamiklu hlutverki og stuðla að því að einstaklingurinn öðlist það sem þarf til að vera reiðubúinn til að taka ákvarðanir og skipuleggja framtíðina (planfulness) (Savickas, 2001).

Nemendur sem sýna frumkvæði og eru virkir í eigin upplýsingaöflun hafa áhuga á að kynna sér málefni framhaldsskólanna. Þeir hafa aflað sér upplýsinga og eru ákveðnir en hinir sem hafa lítið kannað eru frekar óákveðnir. Vaxtarstigið í kenningu Supers einkennist af forvitni og hvernig henni er svarað með upplýsingaöflun eins og fram hefur komið. Þeir sem eru forvitnir bera sig eftir upplýsingum og hafa þannig forsendur til að velja raunhæft. Án nokkurra upplýsinga verður valið ónákvæmt og hætta er á að einstaklingurinn rati ekki rétta braut miðað við áhuga.

## Væntingar nemenda til framhaldsskólanna

Í máli þátttakenda mátti heyra bæði spenning og kvíða. Nýjar aðstæður eru kvíðvænlegar. Það er mjög stórt stökk fyrir marga að fara úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Allt nýtt. Spennandi fyrir suma en kvíðvænlegt fyrir aðra. Að fara í framhaldsskóla er mikil ákvörðun og hefur áhrif til langs tíma. Ákvarðanir sem hafa áhrif til langs tíma eru einmitt erfiðustu ákvarðanirnar eins og Reardon og félagar (2009) benda á og geta valdið miklum kvíða.

Trú á eigin færni er einn af lykilþáttum félagslegrar og hugrænnar kenningar (Lent, 2005). Trú sína á eigin færni hafa nemendur myndað í gegnum alla barnæskuna, heima, meðal vina og í skólanum. Trú á eigin færni er nauðsynleg til að komast áfram í námi, til að geta tekist á við krefjandi verkefni, hvort heldur þau snúast um námstengd verkefni eða að takast á við nýjar aðstæður. Nemendur þurfa að hafa mikla trú á eigin færni í tengslum við margvísleg verkefni og hindranir sem verða á vegi þeirra við tilfærsluna frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Annars er hætta á brottfalli úr framhaldsskólanum.

Þátttakendur í rannsókninni telja sig vel undir nám í framhaldsskóla búna. Skólakerfið metur allt í einkunnum og það eru einu upplýsingarnar sem berast á milli skólastiganna. Háar einkunnir gefa til kynna að nemandi hafi náð stórum hluta af markmiðum Aðalnámskrár. Í Aðalnámskrá er bent á marga færniþætti umfram þekkingu á staðreyndum og er hvatt til þess að fjölbreyttar matsaðferðir verði notaðar og margir mismunandi þættir teknir inni (Menntamálaráðuneytið, 2006). Nemendur telja sig vel undirbúna hvort sem þeir eru að fá einkunnir í efsta fjórðung einkunnaskalans eða fyrir neðan fimm. Borgen og Hiebert (2006) benda á að það skiptir öllu máli að nemendur séu jákvæðir. Það var einmitt jákvæðnin sem einkenndi þá einstaklinga sem voru búnir að ákveða skóla og nám og það voru þeir sem síst töluðu um kvíða og voru frekar spenntir að takast á við ný tækifæri í framhaldsskólunum.

Eins og fram hefur komið verður að hafa raddir ráðþegana í huga þegar ráðgjöf er skipulögð (Borgen og Hiebert, 2006). Í þessari rannsókn kom fram kvíði hjá nemendum gagnvart þáttum eins og óákveðni með skóla og nám, að komast ekki inn í þann skóla sem nemendurnir helst vildu, námsárangri og

félagsstöðu. Rannsókn sem gerð var á 13-15 ára unglingum frá sautján löndum á því hvaða vandamál voru fyrirferðarmest í þeirra huga. Þrjú helstu áhyggjuefni unglinganna reyndust vera tengd fjölskyldunni, menntun og sjálfsmynd. Þeir þættir sem snéru að menntun voru fyrst og fremst tengdir áhyggjum af námsframmistöðu (Herr, Cramer og Niles, 2004). Þátttakendurnir í minni rannsókn höfðu sumir áhyggjur af námsframmistöðu sinni í framhaldsskóla en þó ekki allir. Áhyggjur af félagsskap tengist hugsanlega sjálfsmyndinni. Með því að hlusta á það sem veldur nemendum kvíða er hægt að grípa til aðgerða til að koma á móts við þessar áhyggjur nemendanna.

Eins og fram hefur komið er framboð á framhaldsnámi töluvert á Íslandi. Þrátt fyrir þetta framboð er ekki hlaupið að því að komast inn í hvaða nám sem er eða hvaða skóla sem er. Sumir skólar eru ásetnari en aðrir og því erfiðara að komast inn í þá. Þátttakendurnir í rannsókninni höfðu allir hugmynd um hvaða skólar væru „bestu“ skólarnir og nefndu flestir menntaskóla. Enginn gat sagt fyrir um það hver væri besti skólinn en þetta virtist vera gegnumgangandi hugmynd hjá öllum þátttakendum. Fram kom hjá einum þátttakandanum að hann ákvað í hvaða skóla hann ætlaði, bara út af skólanum og án þess að vera búinn að athuga hvaða nám er í boði er eða hvaða einkunnir þarf til að komast inn í skólann. Nemendur höfðu einnig hugmyndir um skóla sem þeim þóttu ekki eins góðir skólar og þá voru fjölbrautarskólar nefndir til sögunnar. Þetta viðhorf nemendanna er athyglisvert og ég velti því fyrir mér hvað hægt sé að gera til að uppræta svona orðróm, hvaðan kemur hann? Þetta er verðugt rannsóknarefni.

Margir höfðu einnig skoðanir á þeim skólum sem þeir hafa forgang í og ég hef hér kallað heimaskóla. Í ljós kom að þeir sem voru óákveðnir nefndu nokkrir að þeir ætluðu bara í heimaskólann, eins og það væri auðveldasta leiðin. Aðrir ætluðu í annan skóla sem þeim fannst betri á einhvern hátt eða voru að velja aðra tegund skóla, menntaskóla í stað fjölbrautaskóla og öfugt. Hjá þeim sem ekki ætluðu í heimaskólann sinn kom fram viðhorf sem benti til þess að þeir skólar væru ekki eins góðir.



## Úrbætur

Hvað geta náms- og starfsráðgjafar gert til að stuðla að farsælum náms- og starfsferli nemenda? Af mörgu er að taka. Eins og áður hefur komið fram er náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum ung grein hér á Íslandi og var ekki lögbundin fyrr en með grunnskólalögum árið 2008. Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum eru fáir og margir í litlu stöðuhlutfalli. Þeir eru oftast einir í sínu fagi í hverjum skóla. Eins og staðan er núna eru að meðaltali 517 nemendur á hvern náms- og starfsráðgjafa eða rúmlega tvöfalt á við það sem lagt er til (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2010, Sigurbjörg Helgadóttir og félagar, 2006 og Gypers og Henderson, 2000). Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er ekki fastmótað þó félag náms- og starfsráðgjafa hafi gefið út starfslýsingar sem hægt er að hafa til viðmiðunar. Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum geta því verið að sinna mjög mismunandi verkefnum. Það hversu misjöfn stöðuhlutföll eru milli skóla verður einnig til þess að aðgangur nemenda að náms- og starfsráðgjafa er ekki sá sami milli skóla. Á meðan þessi staða er uppi er mjög erfitt að ná til allra nemenda eins og náms- og starfsráðgjafaráætlanir gera ráð fyrir og óvinnandi vegur fyrir ráðgjafana að sinna öllum nemendum samkvæmt markmiðum náms- og starfsráðgjafarinnar. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2000) benti á það um aldamótin að þörf væri á átaki á þessu sviði. Nú ellefu árum síðar er enn þörf á átaki. Það er ljóst að mikil frumkvöðlavinna er framundan við að efla náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum. Takmarkið er að allir fái náms- og starfsráðgjöf frá upphafi skólagöngunnar. Menntun er æviverk og til að auðvelda ævilanga starfsþróun og koma á mótis við þarfir ráðþega í alþjóðlegu samfélagi nútímans mun verða þörf fyrir aukna og fjölbreyttari þjónustu á fleiri sviðum ráðgjafar. Til að svo megi verða þurfa allir að vinna saman, þeir sem móta stefnuna og þeir sem veita þjónustuna.

Hægt er að fullyrða að náms- og starfsráðgjöf skilar árangri vegna þess að það hefur verið sannað með niðurstöðum fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið víða um heim, einnig á Íslandi. Niðurstöður þessara rannsókna hafa sýnt fram á jákvæð áhrif inngripa sem stuðla að þróun starfsferils. Það er almennt viðurkennt að fólk á betri möguleika á að fá áhugavert og ánægjulegt starf ef það á sér markmið til að fara eftir og er opið fyrir tækifærum sem því býðst. Ef fólk sér

fyrir sér hvað það vill gera í lífinu hefur það tilhneigingu til að verða einbeittara í áætlunum sínum og sjá frekar þá möguleika sem í boði eru (Repetto, 2008).

Með alhliða náms- og starfsráðgjafaráætlun (Gysbers og Henderson, 2000) er stefnt að því að jafna stöðu nemenda og tryggja rétt þeirra til náms- og starfsráðgjafar. Hún styrkir náms- og starfsráðgjafann í þeirri viðleitni að taka þátt í heildarstefnumótun skólans þar sem árangur á að vera mælanlegur. Með því móti verður starf náms- og starfsráðgjafans markvissara og faglegra, orkan fer í að vinna að langtímamarkmiðum í stað þess að vera að leysa málin frá degi til dags. Gyspers (2001) leggur til að náms- og starfsráðgjafar horfi fram á veginn með það í huga að fræðin séu ung og eigi eftir að þróast meira í framtíðinni. Hann hvetur náms- og starfsráðgjafa til að hugsa til framtíðar með þekkingu fortíðarinnar í huga og halda áfram að þróa áhrifaríkar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf.

Ljóst er að það er mikil vinna framundan. Það er hlutverk okkar sem sinnum þessum störfum að vera leiðtogar, vinna faglega, móta stefnuna og sjá til þess að greinin vaxi og dafni í okkar höndum. Það væri meðal annars hægt að gera með öflugum rannsóknarstarfi en mikill skortur er á rannsóknnum á náms- og starfsráðgjöf í íslenskum grunnskólum.

## Lokaorð

Af meginniðurstöðum þessarar rannsóknar má ráða að nemendur í 10. bekk séu nokkuð vissir um að það sé rétt ákvörðun að fara í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Þessa ákvörðun taka nemendur sjálfir og í samráði við foreldra sína sem flestir hvetja börnin sín til áframhaldandi náms. Það er samt sláandi hve margir þátttakendur hafa ekki ákveðið hvaða nám muni verða fyrir valinu og hversu lítið þeir einstaklingar hafa gert til að afla sér upplýsinga um framhaldsnám. Það er ekki markmið í sjálfu sér að allir séu búnir að ákveða starfsferil sinn við lok grunnskóla en það er mikilvægara að allir hafi fengið upplýsingar og þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda til að geta tekið næstu skref.

Athygli vekur að í rannsókninni kom fram að enginn nemandi hafði leitað til náms- og starfsráðgjafa í sambandi við upplýsingaöflun um framhaldsnám. Þeir virðast líta á hlutverk náms- og starfsráðgjafa sem aðstoðarmann við þá sem eru í persónulegum vandræðum til dæmis með mætingar og hegðun í stað sérfræðings um nám og störf. Hvað veldur þessu? Er við náms- og starfsráðgjafa að sakast eða er eitthvað sem gerir það að verkum að nemendur leita í svo litlum mæli til þessarar fagstéttar?

Eins og fram hefur komið hafa ekki margar rannsóknir verið gerðar á því hvernig nemendur í 10. bekk hugsa um framhaldsskóla. Engu að síður er þetta verðugt rannsóknarefni sem hægt er að taka á frá mörgum hliðum. Áhugavert væri til dæmis að kenna nemendum ákvarðanatökutækni í tengslum við val á námi og skóla og bera saman við samanburðarhóp. Annar áhugaverður vinkill gæti verið langtímarannsókn á þróun starfsferils frá upphafi skólagöngu og bera saman við starfsferilskenningar. Mjög áhugavert gæti verið að rannsaka þá unglinga sem ekki fara í nám að loknum grunnskóla, hvað veldur, hvað verður um þá og hvað er

hægt að gera til að aðstoða þá? Grunnskólinn er spennandi vettvangur sem lítið hefur verið rannsakaður með tilliti til náms- og starfsráðgjafar og margir möguleikar fyrir hendi.

Þessi rannsókn var framkvæmd með opnum einstaklingsviðtölum við nemendur í 10. bekk. Það eru raddir þeirra sem fá að hljóma í niðurstöðunum og ná vonandi eyrum þeirra sem skipuleggja náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum landsins. Það er einnig von mín að þessar niðurstöður nái til menntamálayfirvalda sem hafa fjármagnið í höndunum til að fjölga náms- og starfsráðgjöfum í samræmi við alþjóðlegar stefnumarkningar. Með öflugri náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla er hægt að mæta unglingum þar sem þeir eru staddir, fylgja þeim á leið út í lífið og stuðla þannig að farsælum náms- og starfsferli.

## Heimildaskrá

Barnaheill. (e.d.) Sótt 20. janúar 2011 af

<http://www.barnaheill.is/barnaheill/barnasattmalinn.html>

Bjargey Gígja Gísladóttir. (2009). *Ég ætla að verða sú fyrsta sem útskrifast úr einhverju. Brottfall stúlkna úr framhaldsskóla, kynlægar hindranir og framtíðardraumar*. Óbirt MA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindadeild.

Borgen, W. og Hiebert, B. (2006). Career Guidance and Counselling for Yourh: What Adolescents and Young Adults are Telling Us. *International Journal for the Advancement of Counselling*, 28, 389-400.

Brown, D. og félagar (e. associates). (2002). *Career Choice and Development* (4. útg.). San Francisco, CA: Jossey-Bass

Brown, S. D., Krane, N. E. R., Brecheisen, J., Castelino, P., Budisin, I., Miller, M., og Edens, L. (2003). Critical ingredients of career choice interventions: More analyses and new hypotheses. *Journal of Vocational Behavior*, 62, 411–428.

Ceja, M. (2006). Understanding the Role of Parents and Siblings as Information Sources in College Choice Process of Chicana Students. *Journal of College student Development*, 47, 87-104.

Creswell, J. W. (2002). Five qualitative approaches to inquiry. Kafli 4 í *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions* (2. útg.) Thousand Oaks: Sage.

- Domene, J.F., Shapka, J.D., & Keating, D.P. (2006). Educational and career-related help-seeking in high school: An exploration of Canadian students' choices. *Canadian Journal of Counselling, 40*, 145-159
- Edda Björk Viðarsdóttir. (2004). *Hvert liggur mín leið. Könnun á störfum námsráðgjafa í grunnskólum og þeim hugmyndum og væntingum er nemendur gera til starfa þeirra*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Uppeldis og menntunarfræði.
- European Commission (2011). *Strategic framework for European cooperation in education and training ("ET 2020")*. Sótt 5. mars af [http://ec.europa.eu/education/lifelong-learning-policy/doc28\\_en.htm](http://ec.europa.eu/education/lifelong-learning-policy/doc28_en.htm)
- Fann, A., Jarsky, K. M. og McDonoug, P. M. (2009). Parent Involvement in the College Planning Process: A Case Study of P-20 Collaboration. *Journal of Hispanic Higher Education, 8*(4) 322–339.
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (e.d.). Starfslýsingar. Sótt 19. mars 2011 af [http://www.fns.is/efni/starfslysingar\\_0](http://www.fns.is/efni/starfslysingar_0)
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009). *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun*. Reykjavík, Félags- og tryggingamálaráðuneyti. Sótt 10. mars af [http://www.vinnumalastofnun.is/files/UngtFolkAnAtvinnu\\_2147324578.pdf](http://www.vinnumalastofnun.is/files/UngtFolkAnAtvinnu_2147324578.pdf)
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). Sótt 13. apríl 2011 af <http://frae.is/um-fa/>
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1990). *Námsráðgjöf og starfsfræðsla í fimm nágrannalöndum og samanburður við Ísland*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gibbons, M. M. og Borders, L. D. (2010). Prospective First-Generation College Students: A Social-Cognitive Perspective. *The Career Development Quarterly, 58*, 194-207.
- Guðbjörg Aðalbersdóttir. (2006). *An investigation into student dropout rates in Icelandic upper-secondary schools*. Óbirt MPA ritgerð frá University of Warwick í Englandi.

- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (1995). Fræðsla um nám og störf í grunnskólum. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun*. Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 9, 37-56.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2007). Outcomes of two different methods in career education. *International Journal of Educational and Vocational Guidance*, 7, 97-110.
- Gysbers, N. C. (2001). School Guidance and Counseling in the 21st Century: Remember the Past into the Future. *Professional School Counseling*, (5), 2, 96-105.
- Gysbers, N. C. & Henderson, P. (2000). *Developing and Managing Your School Guidance Program* (3.útg.) Alexandria, VA.: ACA.
- Gysbers, N. C. & Lapan, R. T. (2001). The implementation and Evaluation of Comprehensive School Guidance Programs in the United States: Progress and Prospects. *International Journal for Educational and Vocational Guidance*, 1, 197-208.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2010. Sótt 18. mars 2011 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Skolamal/Framhaldsskolar>
- Hagstofa Íslands. (2011). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010. *Hagtíðindi. Skólamál*, 96(4), 1-27.
- Hastofa Íslands. (2004). Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002–2003. *Hagtíðindi. Skólamál*, 89(45), 1-12.
- Helwig, A. A. (2008). From childhood to adulthood: A 15 year longitudinal career development study. *The Career Development Quarterly*, 57, 38–57.

- Herr, E. L., Cramer, S. H. og Niles, S. G. (2004). *Career Guidance and Counseling Through the lifespan*. Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Jeynes, W. H. (2007). The Relationship Between Parental Involvement and Urban Secondary School Student Academic Achievement: A Meta-Analysis. *Urban Education*, 42 (1),82-110.
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2009). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi. Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2003*. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi. Félagsvísindastofnun HÍ.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Brottfall úr námi: Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kidd, J. M. (2006). *Understanding Career Counselling; Theory, Research and Practice*. London. Sage Publications.
- Kristín Dýrfjörð. (2004). Matsfólk, um nálægð og klemmur. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 115-128
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2003). Brottfall úr framhaldsskóla: afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV* (bls. 660-678). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Kristjana Stella Blöndal og Karl Sigurðsson. (2000). *Greining á háskólamenntun á Íslandi: Félagslegur bakgrunnur háskólamenntaðra*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. London: Sage Publications.
- Lent, R. W. (2005). A Social Cognitive View of Career Development and Counseling. Í Brown, S. D. og Lent, R. W. (Ritstj.), *Career Development and Counseling* (bls. 101-127). New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.



Lóa Hrönn Harðardóttir. (2010). *Afburðaárangur í háskólanámi „...ég byrja ekki á einhverju nema ég ætli að klára það.“* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.

*Lög um framhaldsskóla* nr. 92/2008. Sótt 3. febrúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008. Sótt 20. janúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

*Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla* nr. 10/2008. Sótt 17. mars 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008010.html>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.-a) *Framhaldsskólar; Nám að loknum grunnskóla*. Sótt 15. apríl 2011 af <http://menntagatt.is/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.-b) *Nám er vinnandi vegur - Framhaldsskólarnir opnaðir – 1000 ný námstækifæri fyrir atvinnuleitendur*. Sótt 20. apríl 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5953>

Menntamálaráðuneytið. (1998). *Efling náms- og starfsráðgjafar, nefndarálit: Staða starfs- og námsráðgjafar, hlutverk og verksvið, tillögur*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Sótt 17. janúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar//nr/3953>

Menntamálaráðuneytið. (2007a). *Náms- og starfsráðgjöf: Skýrsla starfshóps*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (2007b). *Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni*. Sótt 17. nóvember 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar//nr/3953>

- Milsom, A. og Dietz, L. (2009). Defining College Readiness for Students with Learning Disabilities: A Delphi Study. *Professional School Counseling*, 12(4) 315-323.
- Niles, S. G. og Harris-Bowlsbey. J. (2002). *Career Development Interventions in the 21st Century*. Upper Saddle River, N.J. : Merrill Prentice Hall.
- Organisation for Economic Co-operation and development. (2004). *Career Guidance and Public Policy. Bridging the Gap*. Paris: OECD. Sótt 18. mars 2011 af <http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>
- Ólafur Gunnarsson. (1962). *Hvað viltu verða?* (3. útgáfa). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- Ólafur Gunnarsson. (1965). *Starfsval -Hvað viltu verða?* (6. útgáfa). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- Reardon, R., Lenz, J. G., Sampson, J. P. Jr. og Peterson, G. W. (2009). *Career development and planning; A Comprehensive Approach*. Mason, OH : Cengage Learning
- Repetto, E. (2008). International competencies for educational and vocational guidance practitioners: an IAEVG trans-national study. *International Journal for Educational and Vocational Guidance*, 8, 135-195.
- Ritchie, J., Lewis, J. og Elam G. (2003). Designing and selecting samples. Kafli 4 í J. Ritchie og Lewis J. (ritstj.). *Qualitative research practice: A guide for social science students and researchers* (3. útg.) (bls. 77-108). London: Sage.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2010). *Skólaskýrsla 2010*. Reykjavík: Hag og upplýsingasvið.
- Savickas, M. L. (2001). A Developmental Perspective on Vocational Behaviour: Career Patterns, Salience, and Themes. *International Journal for Educational and Vocational Guidance*, 1, 49-57.
- Sharf, R. S. (2006). *Applying Career Development Theory to Counseling* (4. útgáfa). Pacific Grove: CA: Brooks/Cole.

- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldrana: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11-23.
- Sigurbjörg J. Helgadóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir. (2006). *Greining á starfi: Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Reykjavíkur*. Menntasvið Reykjavíkurborgar.
- Spokane, A. R. (1991). *Career intervention*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall.
- Stone, C. B. og Dahir, C. A. (2004). *School counselor accountability. A MEASURE of Student Success*. Upper Saddle River, NJ: Pearson Prentice Hall.
- Sunna Þórarinsdóttir. (2008). *Vitneskja framhaldsskólanemendum um náms- og starfsráðgjöf*. Óbirt meistaraprófsritgerð í náms- og starfráðgjöf. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi? Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Taylor, S., og Bogdan R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley & Sons.
- Trusty, J., Niles, S.G., og Carney, J.L. (2005). Education-Career Planning and Middle School Counselors. *Professional School Counseling*, 9 (2), 136-143.
- Trusty, J. og Watts, R. E. (1996). Parents' perceptions of career information resources. *The Career Development Quarterly*, 44 (3), 242 (1pp.).
- Vilhjálmsson, G. (2010). Occupational thinking and its relation to school dropout. *Journal of Career Development*, 37, 677-691.
- Vinnumálastofnun. (2011). *Mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði; Mars 2011*. Sótt 15. apríl af [http://www.vinnumalastofnun.is/files/mars%2011\\_1800415585.pdf](http://www.vinnumalastofnun.is/files/mars%2011_1800415585.pdf)

*Vinnumálastofnun.* (e.d.). Sótt 10. apríl 2011 af

<http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/>